


# STARFSEMI VIÐSKIPTARÁÐS

Skýrsla aðalfundar 2016



**Starfsemi Viðskiptaráðs**  
Skýrsla til aðalfundar 2016

**Ábyrgðarmaður**  
Frosti Ólafsson

**Hönnun og umbrot**  
Jökulá ehf.  
Silent ehf.

ISSN: 2298-8297

**Prentun:** Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2016.

*Rit þetta má afrita án þess að leita samþykkis en vinsamlega getið heimildar. Rafræna útgáfu ritsins má nálgast á vefsíðu Viðskiptaráðs.*

#### **Um Viðskiptaráð Íslands**

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku viðskiptalífi. Allir sem stunda rekstur geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur viðskiptalífsins til að vinna að framförum sem stuðla að bættu rekstrarumhverfi og aukinni velmegun.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Viðskiptaráð Íslands**  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
**Sími:** 510 7100  
**Netfang:** vi@vi.is  
**Vefsíða:** www.vi.is

---

# EFNISYFIRLIT

## SKÝRSLA AÐALFUNDAR 2016

---

**4**

Ávarp

**6**

Hlutverk og stjórnarskipulag Viðskiptaráðs

**10**

Barátta fyrir bættu rekstrarumhverfi

**35**

Málsvari atvinnulífsins

**41**

Bakhjarl menntunar

**46**

Vettvangur tengsla

**50**

Ábyrgð og gagnsæi í viðskiptum

**54**

Þjónusta skrifstofu

**55**

Skrifstofustarfsemi

**58**


Ársreikningur Viðskiptaráðs





# ÁVARP

Undanfarin ár hafa verið endurreisnartími á Íslandi. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður og farið vaxandi. Þá hefur mikilvægum áföngum verið náð á ýmsum sviðum efnahagslífsins. Sterk viðspyrna atvinnulífsins, jafnvægi í rekstri ríkissjóðs og uppgjör slitabúa föllnu bankanna vega þar þyngst. Með hliðsjón af helstu hagvísnum má segja að staða og framtíðarhorfur þjóðarþúsins hafi sjaldan verið betri.



Það eru þó gömul sannindi að uppbygging verðmætásköpunar er langhlaup, ekki spretthlaup. Það er því ekki síður mikilvægt að halda vel á spöðunum í meðbyr en andstreymi. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki á vinnumarkaði aukist og kaupmáttur vaxið hraðar en sjálfbært er til lengri tíma. Þetta er ekki síst vandamál með hliðsjón af takmörkuðum framleiðnivexti yfir sama tímabil. Efnahagsleg framvinda næstu ára byggist á því hvort vel takist til við hagstjórn og umbótaverkefni sem miða að aukinni framleiðni.

## Framlag Viðskiptaráðs til stefnumörkunar

Í gegnum málefnaverkefni sitt hefur Viðskiptaráð lagt mikla áherslu á að stjórnvöld nálgist verkefni sitt með heildstæðum og framsýnum hætti. Skynsamleg framtíðarstefna í efnahagsmálum eflir framleiðni og fjárfestingu í öllum geirum hagkerfisins. Öflugt

og samkeppnishæft atvinnulíf skapar grundvöll fyrir bættum lífskjörum og aukinni velferð. Þessi leiðarljós endurspeglar það grunnstef sem Viðskiptaráð hefur lagt inn í efnahagssumræðu síðustu ára.

Þannig hefur starfsemi ráðsins einkennst af rétttri blöndu stefnumörkunar í efnahagsmálum og almennrar hagsmunagæslu. Á Viðskiptaþingi 2012 var tilkynnt um samkomulag við alþjóðlega ráðgjafarfyrtækið McKinsey & Company um að gera úttekt á íslensku efnahagslífi og framtíðartækifærum þess. Skýrslan hefur verið hryggjarstykki í mótun áherslna Viðskiptaráðs undanfarin ár og óhætt er að fullyrða að aldrei hafi eitt rit haft jafn mikil áhrif á efnahagssumræðu á Íslandi.

Út frá skýrslu McKinsey spratt Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, þar sem lagðar voru fram viðamiklar hagvaxtartillögur sem spönnuðu alla hluta hagkerfisins. Ýmsar tillögur eru þegar komnar til framkvæmda, en það skal viðurkennast að hraðari framgangur í þeim málum hefði verið æskilegur.

Á sumarmánuðum 2013 var mörkuð fjögurra ára stefna fyrir starfsemi ráðsins sem byggði á grunni McKinsey skýrslunnar. Byrjað var á því að setja alþjóðageirann í forgrunn, við honum tók síðan opinberi þjónustugeirinn og nú í vetur hefur megináherslan verið lögð á innlenda þjónustugeirann. Áætluninni lýkur loks með umfjöllun

um auðlindageirann næsta vetur. Þessi aðferðafræði hefur gert ráðinu kleift að beita sér með markvissum og heildstæðum hætti fyrir umbótum í íslensku efnahagslífi.

## Menntun er efnahagsmál

Það er engum vafa undirorpið að menntun skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni þjóða. Í huga Viðskiptaráðs eru menntamál því efnahagsmál. Á undanförnum árum hafa stórir áfangar náðst í starfsemi ráðsins á þessu sviði.

Menntasjóður Viðskiptaráðs rekur nú tvo öfluga sjóði sem úthluta styrkjum til náms, rannsókna og annarra verkefna sem efla íslenskt menntakerfi. Styrkúthlutanir hafa aukist verulega og styðja við markmið Viðskiptaráðs um eflingu mannaúts og nýsköpunar.


Þá hafa jafnframt náðst mikilvægir áfangar í starfsemi þeirra menntastofnana sem sjóðurinn stendur að. Þannig hefur tekist að snúa við rekstri Háskólans í Reykjavík, koma húsnæðismálum hans í varanlegan farveg auk þess sem skerpt var á stjórnskipulagi skólans. Á sama tíma hefur ásókn í Verzlunarskóla Íslands aldrei verið meiri, skólinn hefur tekið upp þriggja ára nám að frumkvæði Viðskiptaráðs, auk þess sem aðkoma atvinnulífsins að skólanum var breikkuð með myndum nýs fulltrúaráðs. Við hjá Viðskiptaráði horfum með stolti til þessa árangurs.

## Verkefnið framundan

Það er brýnt að halda áfram að byggja upp traust stjórnvalda og almennings gagnvart íslensku atvinnulífi. Uppbyggilegt og málefnalegt samtal skiptir þar miklu máli. Þrátt fyrir að vel hafi tekist til við endurreisn hagkerfisins eru fjölmörg krefjandi verkefni framundan. Framlag atvinnulífsins til stefnumörkunar í efnahagsmálum skiptir sköpum enda er markvisst aðhald besta leiðin til að styðja stjórnvöld hvers tíma til góðra verka.

Viðskiptaráð Íslands, ásamt öðrum hagsmunasamtökum atvinnulífsins, þjónar mikilvægu hlutverki í því verkefni. Með skynsamlegum tillögum, málefnalegu aðhaldi og uppbyggilegum samskiptum við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila má ná verulegum árangri í átt að bættu rekstrarumhverfi.

Við þökkum öllum aðildarfélögum Viðskiptaráðs fyrir gott samstarf á undanförnum árum og hlökkum til áframhaldandi uppbyggingarstarfs í þágu íslensks atvinnulífs og samfélagsins í heild.



Hreggviður Jónsson,  
formaður



Frosti Ólafsson,  
framkvæmdastjóri

# HLUTVERK OG STJÓRNSKIPULAG VIÐSKIPTARÁÐS

Megintilgangur Viðskiptaráðs er og hefur ávallt verið að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Í fyrstu ársskýrslu ráðsins, sem gefin var út fyrir 95 árum síðan segir eftirfarandi:

*„[...]einmitt af því, að svo sjerstaklega hagar til hjer á landi, ber enn brýnni nauðsyn til þes, að atvinnustjettirnar hafi fulltrúastofnanir, er komi fram fyrir þeirra hönd og starfi að efling atvinnuveganna [...] Þar til Verslunarráð Íslands [nú Viðskiptaráð Íslands] var stofnað var engin veruleg fulltrúastofnun til fyrir verslun, iðnað og siglingar.“*

Margt hefur breyst á þessum tíma og ráðið starfar nú á breiðari grunni sem heildarsamtök íslenskra fyrirtækja. Grunnmarkmiðið er þó engu að síður það sama, að vinna að bættum rekstrarskilyrðum atvinnulífsins og skapa þannig grundvöll fyrir aukna verðmætasköpun og bættum lífskjörum hérlendis.

Viðskiptaráð vinnur að þessum markmiðum með fjölþættum hætti. Þar ber helst að nefna stefnumörkun í efnahagsmálum, beint málsvar fyrir hönd atvinnulífsins, stuðning við uppbyggingu menntunar, eflingu tengsla og margþætt framlag til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í viðskiptum.

## Í lögum Viðskiptaráðs segir að ráðið skuli meðal annars:

- 1.** Vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir, opnar umræður og skoðanaskipti um framfaramál íslensks atvinnulífs. Í því felst m.a. að beita sér fyrir breytingum á lögum, reglum og stjórnarháttum með útgefnu efni, viðburðum og með því að veita umsagnir um lagafrumvörp er varða íslenskt viðskiptalíf.
- 2.** Stuðla að málefnalegum umræðum og aukinni samvinnu milli stjórnvalda, atvinnulífsins og annarra hagsmunaaðila um mótun framtíðarstefnu í efnahagsmálum og mikilvægi verðamætasköpunar einkageirans.
- 3.** Vinna að auknum viðskiptatengslum milli Íslands og annarra ríkja, veita erlendum aðilum upplýsingar um viðskipti við Ísland og vera fulltrúi íslensks viðskiptalífs gagnvart erlendum viðskiptaráðum og öðrum erlendum aðilum á starfssviði sínu.
- 4.** Stuðla að aukinni þekkingu, menntun, rannsóknum og nýsköpun innan atvinnulífsins og reka starfsemi tengda þessu markmiði ef svo ber undir.
- 5.** Vinna að aukinni framleiðni, virkri samkeppni og hagfelldum fjárfestingarskilyrðum á öllum sviðum efnahagslífsins.
- 6.** Vinna gegn útpenslu hins opinbera og aukinni skattheimtu á kostnað atvinnulífsins. Í því felst m.a. að stuðla að umbótum í skattamálum, bættri nýtingu opinberra fjármuna og auknu vægi einkaframtaks.

## Stjórnskipulag ráðsins

Öll fyrirtæki, samtök fyrirtækja, félög og einstaklingar sem reka viðskipti á samkeppnisgrundvelli geta átt aðild að Viðskiptaráði.

Stjórn Viðskiptaráðs fer með æðsta vald í málefnum ráðsins. Í stjórninni sitja 38 einstaklingar að meðtöldum varamönnum. Kosið er til stjórnar á tveggja ára fresti og allir aðildarfélagar ráðsins eru kjörgengir. Framkvæmdastjórn stýrir daglegum rekstri en í henni sitja 7 einstaklingar að meðtöldum varamönnum. Stjórn ráðsins kýs framkvæmdastjórn í kjölfar stjórnarkjörs hverju sinni.

Sömu aðilar skipa stjórn Menntasjóðs Viðskiptaráðs (MVÍ) og framkvæmdastjórn. Stjórn MVÍ stýrir menntastarfsemi ráðsins. Undir hana falla styrkveitingar til náms, rannsókna og annarra verkefna sem efla íslenskt menntakerfi. Auk þessa heldur MVÍ utanum meirihlutaeign í Háskólanum í Reykjavík og tilnefnir þriðjung meðlima fulltrúaráðs Verzlunarskóla Íslands.

Að lokum starfa fjölmörg millilandaráð innan vébanda Viðskiptaráðs. Meginmarkmið millilandaráða felst í eflingu tvíhliða tengsla Íslands við þau lönd sem ráðin tengjast. Hvert og eitt millilandaráð hefur sjálfstæða stjórn og mótar eigin áherslur

## Heiðursfélagar Viðskiptaráðs

Samkvæmt lögum ráðsins er stjórn ráðsins heimilt að skipa heiðursfélaga Viðskiptaráðs Íslands. Til þeirrar nafnbótar geta þeir unnið sem hafa lagt sérstaklega mikið af mörkum í þágu viðskiptafrelsis og framfara í atvinnulífinu. Hér að neðan eru reglur stjórnar ráðsins þar að lútandi. Eftirtaldir aðilar eru heiðursfélagar í Viðskiptaráði Íslands:

**Davíð Scheving  
Thorsteinsson**

*fæddur 1930*

**Haraldur  
Sveinsson**

*fæddur 1925*

**Hjalti Geir  
Kristjánsson**

*fæddur 1926*

**Jóhann J.  
Ólafsson**

*fæddur 1935*

**Ragnar S.  
Halldórsson**

*fæddur 1929*

# STJÓRN VIÐSKIPTARÁÐS 2014–2016



Andri  
Guðmundsson



Andri Þór  
Guðmundsson



Ari Edwald



Ari Fenger



Ágúst Hafberg



Ása Karín Hólm  
Bjarnadóttir



Ásbjörn Gíslason



Áslaug Hulda  
Jónsdóttir



Birkir Hólm  
Guðnason



Birna Einarsdóttir



Eggert Benedikt  
Guðmundsson



Eyjólfur Árni  
Rafnsson



Finnur Oddsson



Guðbjörg Edda  
Eggertsdóttir



Guðmundur J.  
Jónsson



Gylfi Sigfússon



Gísli Hjálmtýsson



Helga Melkorka  
Öttarsdóttir





Helgi Anton  
Eiríksson



Hermann  
Björnsson



Hildur Árnadóttir



Hreggviður  
Jónsson



Hörður Arnarson



Jakob Sigurðsson



Katrín Olga  
Jóhannesdóttir



Katrín Pétursdóttir



Knútur G.  
Hauksson



Kristín  
Pétursdóttir



Magnús Bjarnason



Margrét Sanders



Sigrún Ragna  
Ólafsdóttir



Sigurður  
Viðarsson



Stefán Pétursson



Steinþór Pálsson



Svanbjörn  
Thoroddsen



Sævar Freyr  
Þráinsson



Viðar Þorkelsson



Þórður Magnússon

# BARÁTTA FYRIR BÆTTU REKSTRARUMHVERFI

**S**em heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugasta tæki viðskiptalífsins í baráttunni fyrir úrbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálsa samkeppni og heilbrigða viðskiptahætti að leiðarljósi.

Einn af grundvallarþáttunum í þeirri baráttu er að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands. Viðskiptaráð starfrækir því málefnaverki sem ætlað er að vera uppspretta nýrra hugmynda og rökstuddra tillagna að bættu rekstrarumhverfi fyrirtækja hérlendis.

Eins og gefur að skilja mæta tillögur ráðsins í ýmsum tilfellum andstöðu frá aðilum sem telja þær ekki falla að eigin hagsmunum eða viðhorfum. Jarðvegur fyrir þeim breytingum sem ráðið hefur lagt til er því misjafnlega frjósamur og ýmsar tillögur vakið sterk viðbrögð, bæði jákvæð og neikvæð. Áhersla ráðsins á málefnalega og uppbyggilega framsetningu sinna sjónarmiða skiptir sköpum í því samhengi. Baráttunni fyrir bættu rekstrarumhverfi og auknu viðskiptafrelsi verður seint lokið enda margar og síbreytilegar áskoranir við að etja. Þrátt fyrir þetta hefur árangur

af starfsemi Viðskiptaráðs verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 99 ár bæði með beinum og óbeinum hætti. Mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins má rekja til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands.

## Langtímastefna mótuð

Á undanförunum árum hefur Viðskiptaráð lagt áherslu á mótun langtímastefnu Íslands í efnahagsmálum. Að mati aðildarfélaga ráðsins er slík stefna ein af grundvallarforsendum efnahagslegra framfara, sterkara atvinnulífs og bættra lífshæðnaða.

Fyrsta skrefið við mótun slíkrar stefnu var tekið á Viðskiptaþingi árið 2012. Þar var tilkynnt að alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Company myndi ráðast í vinnu við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Ísland sem miðaði að því að hámarka hér verðmætasköpun og lífshæðnað. Skýrsla McKinsey leit dagsins ljós haustið 2012 og hafa niðurstöður hennar haft mikil áhrif á umræðu um efnahagsmál og stefnu stjórnvalda frá því hún kom út.

Í kjölfar Íslandsskýrslu McKinsey tóku fulltrúar Viðskiptaráðs þátt í óformlegum viðræðum við ýmsa aðila í þjóðfélaginu um hvernig best mætti fylgja henni eftir. Niðurstaðan var að stofnsettur var Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi, sem er þverpólitískur og þverfaglegur vettvangur sem ætlað er að stuðla að heildstæðri og málefnalegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið.



## Samráðsvettvangurinn hefur mjög sterkt táknrænt umboð



STJÓRN MÁLAFLOKKAR

Fulltrúar allra stjórnmalaflokka á Alþingi. Starfa þar í umboði 195.000 kjósenda síðustu Alþingiskosninga.



FULLTRÚAR  
VINNUMÁRKADAR

Fulltrúar helstu regnhlífsamtaka vinnuáráðarinn. Meðlimir viðkomandi samtaka telja yfir 130.000 launþega og 2.500 fyrirtæki.



HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ

Fulltrúar frá tveimur stærstu háskólum landsins með nálægt 18.000 nemendum í heildina.



ATVINNULÍFIÐ

Forstjórar breiðrar flöru íslenskra fyrirtækja sem starfa í bæði hefðbundnum og óhefðbundnum greinum



STJÓRNÝSLA

Fulltrúar allra ráðuneyta og sveitarfélaga í gegnum ráðuneytissjóra og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga

# STIKLAÐ Á STÓRU

Viðskiptaráð stendur að umfangsmikilli útgáfu í formi kynninga, skýrslna, skoðana, samantekta og tilkynninga ásamt viðburðahaldi og greinaskrifum. Það yfirlit um áherslur ráðsins sem hér er tekið saman stiklar því einungis á stóru og er ekki tæmandi. Nálgast má yfirlit yfir allt málefnavark ráðsins á slóðinni [www.vi.is/malefnastarf](http://www.vi.is/malefnastarf).

Á vettvangnum sitja formenn stjórnmalaflokka, helstu fulltrúar launþega og atvinnurekenda, leiðtogar frá háskólasamfélagi og sveitarfélögum ásamt stjórnendum fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Á þriðja fundi Samráðsvettvangsins í maí 2013 kynnti verkefnisstjórn umfangsmiklar tillögur um leiðir til aukins hagvaxtar á Íslandi. Tillögurnar sneru að öllum geirum hagkerfisins: opinbera geiranum, innlendri þjónustu, auðlindageiranum og alþjóðageiranum.

## Viðskiptaráð fylgir eftir vinnu McKinsey og Samráðsvettvangs

Í kjölfar vinnu McKinsey og hagvaxtartilgagna Samráðsvettvangsins fór fram umfangsmikil stefnumótun hjá vettvangi Viðskiptaráðs þar sem leitast var við að greina hvernig ráðið gæti unnið áfram að markmiðum sínum með sem bestum hætti. Leitað var álits hjá öllum félagsmönnum ráðsins og voru niðurstöðurnar teknar til frekari umfjöllunar innan stjórnar. Að mati félagsmanna var mótun langtímastefnu í efnahagsmálum áfram efst á forgangslistanum, en bætt staða peningamála og umbætur í fjárfestinga- og fjármögnunarumhverfi ættu einnig að vera í forgrunni í málefnavark ráðsins.

Niðurstaða þessarar vinnu var áætlun fyrir málefnavark Viðskiptaráðs frá 2014 til 2018. Áherslum í málefnavark ráðsins var þar skipt í fjóra hluta til að endurspegla ólíkar áskoranir og markmið fyrir mismunandi hluta hagkerfisins. Byggt var á þeirri skiptingu sem finna má í skýrslu McKinsey og vinnu Samráðsvettvangsins, en þar voru eftirfarandi hlutar hagkerfisins skilgreindir:

### ALÞJÓÐAGEIRINN:

Þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins (t.d. Marel, Össur, CCP og Meniga – ásamt fjölmörgum öðrum sprota- og vaxtarfyrirtækjum)

### OPINBER ÞJÓNUSTA:

Öll starfsemi og rekstur hins opinbera (t.d. stjórnýsla, stofnanaumhverfi, þjónusta á heilbrigðis- og menntasviði, fyrirtæki í opinberri eigu)


### INNLEND ÞJÓNUSTA:

Allar þær greinar sem afla tekna sinna á innlendum markaði (t.d. Smásala og heildsala, fjármálaþjónusta, sérfræðiþjónusta, upplýsingatækni, verktakastarfsemi, afþreying og miðlar)

### AUÐLINDAGEIRINN:

Þær útflutningsgreinar sem byggja tekjur sínar á nýtingu takmarkaðra auðlinda á Íslandi (t.d. sjávarútvegur, orkuframleiðsla, stóriðja og ferðaþjónusta)

Samhliða þessum áherslum var ákveðið fjalla áfram um almenn viðfangsefni ráðsins. Þar má nefna mikilvægi verðmætasköpunar innan einkageirans, afnám hafta og framtíðarsýn í peningamálum, jafnvægi í rekstri hins opinbera, skynsamlega skatta- og fjármálastefnu, skýrar leikreglur, virka samkeppni og einfalt og skilvirkt regluverk.



# 1. ALÞJÓÐAGEIRINN 2013–2014



Fyrsta viðfangsefnið í kjölfar stefnumótunar ráðsins var alþjóðageirinn, en megináhersla var lögð á hann í málefnavarfinu veturinn 2013–2014. Meðal viðfangsefna var samkeppnishæfni Íslands, afnám hindrana í alþjóðlegum viðskiptum, opnara hagkerfi og síðast en ekki síst afnám gjaldeyrishafta.

## Er Ísland opið alþjóðlegum fyrirtækjum?

Viðskiptaþing 2014 fór fram í febrúar. Yfirskrift þingsins var „Open for business? Uppbygging alþjóðageirans á Íslandi.“ Gestir þingsins fengu afhent upplýsingarit þar sem fjallað var um hlutverk alþjóðageirans í íslensku hagkerfi og þær meginforsendur sem styðja við eflingu hans. Þá var farið yfir tækifæri og áskoranir í um-

hverfi slíkrar starfsemi hérlendis út frá dæmisögum fjögurra ólíkra fyrirtækja innan alþjóðageirans. Ritið var tekið saman af starfsmönnum ráðsins og fjórum vinnuhópum sem í sátu fulltrúar ólíkra fyrirtækja í alþjóðlegri starfsemi hérlendis.

Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, sagði í ræðu sinni á þinginu spurninguna „Hversu opið á Ísland að vera fyrir alþjóðlegum viðskiptum?“ vera eina þá mikilvægustu fyrir efnahagslega framvindu þjóðarinnar. Hreggviður sagði undirstöðu þeirra lífskjarabóta sem hafa átt sér stað á Íslandi undanfarna öld einkum að finna í auknu frelsi í viðskiptum með vörur, fjármagn og þjónustu. Vaxandi tengsl hafi gert Íslendingum kleift að skapa sérhæfingu og auka verðmæti framleiðslu svo um munar.

## Ríkisstjórnin starfar að eflingu alþjóðageirans

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ávarpaði einnig þingið og tók undir með Hreggviði um að umfangsmikil tækifæri séu til eflingar alþjóðageirans. Hann tók fram að ríkisstjórnin ynni að eflingu alþjóðaviðskipta og sagði í því:

„[...] sú vinna er í fullum gangi. Ríkisstjórnin vinnur að því að gera Ísland sem best í stakk búið til að vera öflugur þátttakandi í alþjóðaviðskiptum og búa fyrirtækjum sem besta starfsaðstöðu á Íslandi, en þau markmið fara augljóslega saman.“

### Að mati Hreggviðs eru áhrif alþjóðavæðingar skýr:

Sífelld stærri hluti íslensks atvinnulífs keppir með beinum og óbeinum hætti á alþjóðlegum mörkuðum og lífskjör í landinu ráðast að miklu leyti af hlutfallslegri getu okkar til að skapa samkeppnishæfar vörur og þjónustu. Þannig er útflutningur drifkraftur verðmætasköpunar – einkum fyrir lítið hagkerfi eins og það íslenska – og æskilegt að hann vaxi hraðar en innlend neysla. Öðruvísi er hagvöxtur ekki sjálfbær til lengri tíma, líkt og við fengum að kynnast í efnahagslegum hrakförum ársins 2008.



## Efling erlendrar fjárfestingar

Efling erlendrar fjárfestingar er mikilvægur þáttur í varanlegum efnahagsbata Íslands. Bein erlend fjárfesting hefur hins vegar verið afar lág á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Það má að hluta til rekja til margvíslegra hindrana sem stjórnvöld hafa skapað þegar kemur að slíkri fjárfestingu. Viðskiptaráð gaf út samantekt (í nóvember 2013) á þeirri áskorun sem felst í lágrí fjárfestingu og aðgerðalista fyrir stjórnvöld til að ráðast í úrbætur.

## Bætt skattaumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja

Auk fjárfestingar er samkeppnishæft skattkerfi mikilvægur hluti af rekstrarumhverfi alþjóðageirans. Á árlegum Skattadegi (í janúar 2014) Deloitte, Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins var því lögð sérstök áhersla á skattalegt umhverfi alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi. Erindi héldu m.a. Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical, og Heimir Þorsteinsson, þáverandi fjármálastjóri Actavis á Íslandi. Pétur lagði til eflingu skattalegra hvata til nýsköpunar hérlendis og Heimir fjallaði um íslenska skattkerfið út frá sjónarhóli fyrirtækis með starfsemi í mörgum mismunandi löndum.

Heimir ræddi jafnframt val á staðsetningu fyrirtækja út frá skattalegum sjónarmiðum og nefndi þá þætti sem skipta mestu máli, s.s. stöðugleika, möguleika á að fá bindandi álit, tvísköttunarsamninga, skattaafslætti vegna rannsóknar og þróunar, skattlagningu arðgreiðslna og afdráttarskatta, fyrirkomulag á tekjuskatts erlendra sérfræðinga og gjaldeyrismál.

## Afnám hafta í forgangi

Samhljómur var meðal féлага Viðskiptaráðs um að fjármagnshöftin stæðu uppbyggingu alþjóðageirans helst fyrir þrifum. Ráðið réðst því í þrjár úttektir á höftunum á vormánuðum til að varpa skýrara ljósi á vandann og þrýsta á stjórnvöld að grípa til aðgerða til að aflétta höftunum hið fyrsta.

Fyrsta úttektin fjallaði um kostnað samfélagsins af fjármagnshöftum. Eitt af meginumfjöllunarefnum Viðskiptaþingsins var „1.000 milljarða áskorunin“ svokallaða. Til að standa undir sjálfbærum langtímahagvexti án aukinnar erlendrar skuldsetningar þyrftu Íslendingar að auka útflutning um þá upphæð á næstu 20 árum. Ef mæta á þeirri áskorun án þess að ganga á takmarkaðar náttúruauðlindir gegnir vöxtur alþjóðageirans lykilhlutverki.



## Höftin draga úr útflutningsvexti

Fjármagnshöftin draga hins vegar úr útflutningsvexti vegna minni nýliðunar og hægari vaxtar fyrirtækja í alþjóðageiranum. Viðskiptaráð skoðaði sögulega þróun útflutnings geirans og gaf hún vísibendingu um þann skaða sem höftin hafa valdið. Þegar flæði fjármagns var frjálst jókst útflutningur geirans hratt, eða um 8% á ári yfir 15 ára tímabil. Bæði fyrir og eftir þann tíma, þegar fjármagnshöft voru til staðar, varð aftur á móti stöðnun og jafnvel samdráttur í útflutningi alþjóðlegra fyrirtækja. Viðskiptaráð áætlaði út frá því að höftin hafi kostað Íslendinga 80 ma. kr. í gjaldeyristekjur árið 2013.

Önnur úttektin miðaði að kortlagningu umfangs vandans og var þannig ætlað að varpa ljósi á þau atriði sem ráðast þyrfti í til að afnám hafta væri mögulegt. Niðurstaða þeirrar greiningar var að þrotabú bankanna væru ljónið í veginum fyrir afnámi. Viðskiptaráð lagði hins vegar áherslu á að ekki væri einvörðungu horft til þeirra við gerð afnámsáætlunar heldur einnig

möguleika fyrirtækja á að vaxa og fjárfesta á alþjóðlegum vettvangi. Í kjölfar þess tóku starfsmenn ráðsins þátt í óformlegu samráðsferli með ráðgjöfum stjórnvalda í haftamálum og starfsfólki Seðlabanka Íslands um mögulegar leiðir til að draga úr fórnarkostnaði haftanna.


## Umfangsmiklar afskriftir nauðsynlegar á eignum þrotabúanna

Þriðja úttektin kortlagði fjárhag þrotabúanna nánar og lagði mat á umfang þeirra afskrifta sem þyrftu að eiga sér stað til að nauðsamningar hefðu ekki neikvæð áhrif á gjaldeyrisjöfnuð. Á þeim tíma var niðurstaða ráðsins að afskrifa þyrfti að lágmarki 600 ma. kr. af eignum þrotabúanna til að réttlætjanlegt væri að hleypa þeim úr höftum á undan innlendum aðilum.

Í kjölfar álitsins átti starfsfólk ráðsins fundi með kröfuhöfum og slitastjórnnum föllnu bankanna og útskýrði þessi sjónarmið – en að mati Viðskiptaráðs var grundvallarskilyrði fyrir nauðsamningum að þeir væru ekki á kostnað þeirra aðila sem eftir sætu – sér í lagi fyrirtækja í alþjóðlegri starfsemi.

### Creditor expectations exceed the estimated scope for authorities to grant exemptions from capital controls


Creditor recovery of all assets of the estates (ISK bn.)



### Útflutningur alþjóðageirans

○ Árleg breyting

ma. kr. (verðlag 2013)



# SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS KORTLÖGÐ




Viðskiptaráð stendur árlega fyrir úttekt á samkeppnishæfni Íslands í samstarfi við Svissneska viðskiptaháskólann IMD.

Úttektin samanstendur annars vegar af stjórnendakönnun sem er send á forstöðumenn allra aðildarfélaga Viðskiptaráðs og hins vegar af gagnasöfnun sem samanstendur af um 400 hagvísum sem eru bornir saman við önnur ríki í úttektinni.

Niðurstöður úttektarinnar eru birtar í júní ár hvert og undanfarin ár hefur Viðskiptaráð haldið opinn fund um niðurstöðurnar í samstarfi við VÍB fræðslu.

Ísland sat í 24. sæti árið 2015 og þokaðist lítillega upp á við á listanum en stendur Skandinavíu enn að baki. Ísland stendur vel að vígi hvað samfélagslega innviði varðar en efnahagsleg frammistaða er lakari.

Árleg úttekt IMD á samkeppnishæfni þjóða hefur reynst dýrmæt við að beina umræðu um samkeppnishæfni Íslands á rétta braut og mynda þannig samstöðu um þær aðgerðir sem eiga heima efst á forgangslista stjórnvalda þegar kemur að umbótum.



*Í kynningu Björns Brynjúlfs, hagfræðings Viðskiptaráðs, á niðurstöðunum voru fimm helstu áskoranir Íslands útlistaðar, en úrlausn þeirra ræður miklu um útkomuna að ári liðnu:*

Leysa viðtækar og raskandi deilur á vinnumarkaði.

Flýta afnámi hafta og mótun peningastefnu til framtíðar.

Styðja við efnahagslegan stöðugleika með aukinni samfélagslegri sátt.

Draga úr opinberum skuldum með rekstrarumbótum.

Opna fyrir alþjóðaviðskipti til að auka framleiðni í innlendum atvinnugreinum.



## 2. OPINBER ÞJÓNUSTA 2014–2015


Veturinn 2014–2015 lagði Viðskiptaráð áherslu á opinbera þjónustu í málefnaverki sínu í samræmi við stefnumörkun haustsins 2013. Í ritinu „*Hið opinbera: tími til breytinga*“ (í febrúar 2015) var lögð fram heildstæð sýn ráðsins á hlutverk, rekstur og fjármögnun hins opinbera. Jafnframt voru lagðar fram tillögur um aukna framleiðni í opinberum rekstri og leiðir til að tryggja hagfelldari umgjörð verðmætasköpunar hérlandis.

Útgáfa skýrslunnar vakti mikil viðbrögð og umræðu um æskilegt hlutverk hins opinbera og hagkvæmni rekstrar á ýmsum sviðum þess. Viðskiptaráð vakti auk þess athygli á afmörkuðum viðfangsefnum skýrslunnar bæði fyrir og

eftir útgáfuna með kynningum, skoðunum, blaðagreinum og opnum málefnavundum. Að mati ráðsins hefur sú umræða sem skapaðist í tengslum við það starf varpað ljósi á ýmis vandamál í opinberum rekstri og greitt þannig fyrir nauðsynlegum umbótum í þeim efnum.

### Innleiðing breytinga í forgrunni á Viðskiptaþingi

Viðskiptaþing 2015 var haldið undir yfirskriftinni „*Tölvan segir nei: Hvernig má innleiða breytingar hjá hinu opinbera?*“ Innleiðing tillagna um hagræðingu í opinberum rekstri og hagfelldari umgjörð verðmætasköpunar var þar í forgrunni.



### Í riti Viðskiptaþings 2015 kom eftirfarandi fram:

Stöðugildum í einkageira hefur fækkað um 7% frá aldamótum en stöðugildum hjá hinu opinbera hefur fjölgað um 29% á sama tímabili.

Hætta er á að heilbrigðiskerfi Íslendinga í núverandi mynd verði hinu opinbera ofviða í náninni framtíð vegna öldrunar þjóðarinnar á komandi árum.

Stjórnvöld eru í beinni samkeppni við einkaaðila á ýmsum sviðum, meðal annars í tilfalli Íslandspósts, SORPU, og Frihafnarinnar.

Íslenska skattkerfið var hagkvæmt fyrir hrun fjármála-kerfisins, en glataði mörgum þeirra einkenna vegna fjölmargra breytinga og hækkunar gjaldhlutfalla.

Rekstraraðlögun ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins hefur fyrst og fremst verið í formi skattahækkana og samdráttar í fjárfestingum í stað hagræðingar.

Selja mætti opinber fyrirtæki fyrir allt að 800 ma. kr. og helminga þannig opinberar skuldir.





Aðalræðumaður þingsins var Daniel Cable, prófessor við London Business School. Hann fjallaði um þær aðferðir sem leiðtogar beita til að innleiða breytingar á farsælan hátt, meðal annars í samtökum með marga ólíka hagsmunaaðila líkt og hjá hinu opinbera.


Í ræðu sinni lagði Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, áherslu á forgangsröðun og aukna framleiðni í opinberri þjónustu. Hann sagði að í því fælist að ákveðin verkefni hins opinbera væru dregin saman eða lögð niður. Slíkar breytingar hefðu bein áhrif á afmarkaðan hóp einstaklinga en séu réttmætar út frá heildarhagsmunum. Hið opinbera geti ekki og eigi ekki að gera allt.

Jafnframt sagði Hreggviður ekki síður mikilvægt að innleiða kerfisbreytingar sem geri skattgreiðendum kleift að fá meira fyrir minna. Aukin framleiðni í rekstri hins opinbera væri grundvallarforsenda þess að hægt væri að auka gæði opinberrar þjónustu án þess að auka þyrfti skattheimtu. Aukin framleiðni væri eins nálægt ókeypis hádegisverði eins og hægt sé að komast.

### Stjórnvöld endurskoði samfélagsmótun hins opinbera

Viðskiptaráð fylgdi Viðskiptaþingi eftir með úttekt á æskilegum hlutverkum hins opinbera. Niðurstaðan var að um

Hið opinbera tekur þátt í margvíslegri atvinnusköpun og samfélagsmótun og nema útgjöld til málaflokksins um 100 ma. kr. á ári



15% heildarútgjalda hins opinbera fara í samfélagsmótun sem ekki telst til grunnhlutverka þess. Með samfélagsmótun er átt við þá opinberu starfsemi sem miðar að því að skapa störf eða móta þjóðfélagið samkvæmt gildismati stjórnvalda.

Þar eru veigamestu flokkarnir byggðamál, menningarmál, íþróttir, landbúnaðarmál og húsnæðismál. Einnig leggja stjórnvöld fjármuni til trúmála, þróunarmála og reksturs fjölmiðils. Samtals nema fjárframlög til þessara málefna yfir 100 ma. kr. á ári. Auk þessara málaflokka raska stjórnvöld eðlilegri samkeppni á margvíslegum mörkuðum með ójafnri samkeppni og hindrunum á alþjóðlegum viðskiptum í formi tolla. Í því samhengi má til dæmis nefna rekstur Íbúðalánasjóðs, en nokkur hundruð milljarðar hafa farið í rekstur sjóðsins í beinni samkeppni við viðskiptabanka sem fullnægðu þegar þörfum almennings þegar kom að lánveitingum vegna húsnæðiskaupa.


Viðskiptaráð hvatti stjórnvöld til að taka samfélagsmótun hins opinbera til grundvallarendurskoðunar. Slík endurskoðun væri til þess fallin að draga úr sóun á opinberu fé og bæta samkeppnisumhverfið í fjölmörgum atvinnugreinum.



## Hagræðingartillögur stjórnvalda verði innleiddar

Auk endurskoðunar á hlutverki hins opinbera ýtti Viðskiptaráð á eftir innleiðingu tillagna hins svokallaða hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. Sá hópur lagði fram ríflega 100 tillögur um aukna hagkvæmni í ríkisrekstri árið 2013 sem Viðskiptaráð tók undir að langmestu leyti. Í september 2014 réðist ráðið því í úttekt á framvindu innleiðingar tillagna hópsins og var niðurstaðan að innleiðing tillagnanna gengi of hægt.

Á opnum fundi um úttektina kynnti Björn Brynjúlfur, hagræðingur Viðskiptaráðs, niðurstöður úttektarinnar. Hann sagði að skipun hagræðingarhópsins hefði verið framfaraskref. Þar hefðu stjórnvöld beitt nýrri nálgun og lagt áherslu á kerfisbreytingar sem stuðla að bættri nýtingu fjármuna í stað flats niðurskurðar og samdráttar í fjárfestingum. Þær tillögur sem hópurinn hefði skilað af sér gætu því skilað miklum ávinningi ef þær yrðu að veruleika. Hins vegar skorti pólitíska forystu um innleiðingu tillagnanna af hálfu ráðherra ríkisstjórnarinnar og hún hefði því gengið of hægt fyrir sig.



## Fjármögnun hins opinbera í forgrunni

Sérstök áhersla var á fjármögnun hins opinbera – skattkerfið – yfir veturinn. Þar má helst nefna þær skattkerfisbreytingar sem höfðu átt sér stað frá árinu 2007, kynningu um áhrif skatta á hegðun og lífskjör og staðreyndir um skattkerfið í tilefni af umræðu um jöfnuð á Íslandi.

### 132 skattahækkunar frá árinu 2007

Viðskiptaráð benti á að brúun þess halla sem myndaðist í opinberum fjármálum í kjölfar falls fjármálakerfisins hafi fyrst og fremst átt sér stað með skattahækkunum. Í samantekt ráðsins (frá júní 2015) á skattkerfisbreytingum frá árinu 2007 kom fram að 176 breytingar hefðu átt sér stað á tímabilinu. Af þessum breytingum voru 132 hækkunar gjaldhlutfalla – eða skattahækkunar. Helstu breytingarnar voru eftirfarandi:

Tekjuskattur einstaklinga hefur hækkað um 34%.

Útsvar hefur hækkað um 11%.

Fjármagnstekjuskattur hefur hækkað um 100%.

Erfðafjárskattur hefur hækkað um 100%.

Áfengisgjöld hafa hækkað um 60%.

Tryggingagjald hefur hækkað um 37%.

Útvarpsgjald hefur hækkað um 75%.

Ráðið hvatti stjórnvöld til að vinna ofan af þessum skattahækkunum og skapa fyrirtækjum þannig aukið svigrúm til að efla starfsemi sína og leiða kröftugan efnahagsbata á komandi árum.

## Taka þarf til í skattheimtu sveitarfélaga

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, flutti kynningu á Skattadeginum 2015 um aukið umfang og ógagnsæi skattstofna sveitarfélaga, þar á meðal útsvar, fasteignaskatta og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Frosti benti á að hækkun útsvars, fasteignagjalda og framlaga til jöfnunarsjóðs hafi leitt til vaxandi hlutdeildar og umfangs sveitastjórnarstigsins í skattheimtu hérlendis.

Hann sagði að skortur á gagnsæi þessarar skattheimtu leiddi til vöntunar á gagnrýnni umræðu og aðhaldi gagnvart skattheimtu sveitarfélaga. Niðurstaða hans var að ein af lykilforsendum slíkra umbóta væri öflugra sveitastjórnarstig. Til að það gæti orðið að raunveruleika þyrfti að koma til sameininga sveitarfélaga.

## Unnt að auka hagkvæmni skattheimtu

Auk samantektar yfir skattabreytingar og skattheimtu sveitarfélaga flutti Björn Brynjúlfur, hagfræðingur Viðskiptaráðs, kynningu um áhrif skattkerfisins á hegðun og lífskjör (í mars 2015). Í máli Björns kom eftirfarandi fram:

---

Jaðarskattar á millitekjufólk eru rúmlega 50% og hafa neikvæð áhrif á meðallaun og vinnuframlag.

Íslenski virðisaukaskatturinn einkennist af umfangsmiklum undanþágum sem leiða til hækkunar á almennu þrepi skattsins.

Skattar á fjármagnstekjur taka ekki tillit til verðbólgu og leggast því þungt á sparnað.

Ójöfn meðferð arðgreiðslna og vaxtagjalda hvetur til aukinnar skuldsetningar fyrirtækja.


---

Björn lagði til aðgerðir til að bæta íslenska skattkerfið hvað framangreind atriði varðar með aukna skilvirkni, einfaldleika, samkeppnishæfni og stöðugleika að leiðarljósi.

## Menntun stærsta efnahagsmálið

Samhliða umfjöllun um fjármögnun opinberrar þjónustu lagði ráðið einnig fram tillögur um aukna hagkvæmni í opinberum rekstri. Menntakerfið er bæði einn stærsti útgjaldaflokkur hins opinbera en auk þess er góð menntun grundvallarforsenda vaxandi verðmætasköpunar og þar með bættra lífskjara hérlendis. Eins og fram kemur í 5. kafla þessarar skýrslu um Viðskiptaráð sem bakhjarl menntunar hefur ráðið ávallt lagt sérstaka áherslu á menntakerfið.

Viðskiptaráð gaf út skýrsluna „Stærsta efnahagsmálið: sóknarfæri í menntun“ í samstarfi við Samtök atvinnulífsins (í október 2014) og kynnti hana bæði opinberlega og á fundum með ólíkum aðilum innan menntakerfisins. Þar kom fram að Íslendingar standi vel þegar komi að hagkvæmni rekstrar á framhalds- og háskólastigi. Rekstur grunnskólastigsins sé hins vegar óhagkvæmur enda útgjöld til þess mun hærri en í grannríkjunum og námsárangurinn lakur á sama tíma. Þetta leiðir til mikils brottfalls á efri skólastigum og sólundar tíma og orku þeirra sem ganga í gegnum grunnskólanám.



Stærsta efnahagsmálið

Sóknarfæri í menntun





## Viðskiptaráð lagði til umfangsmiklar umbætur í málaflökknum og skipti þeim í þrjá flokka:

**ÁRANGUR:** Aukin áhersla á mælanlegan árangur, bæði í námi nemenda og starfi kennara.

**VALFRELSI:** Skólar hafi aukið sjálfstæði og dregið verði úr takmörkunum á ólíkum rekstrarformum. Bæði nemendur og kennarar hafi einnig aukið valfrelsi.

**RÁÐDEILD:** Hagkvæmari rekstur á grunnskóla-stiginu með auknum afköstum í kennslu og sameiningum grunnskóla.




## Ísland stendur ekki nægilega vel

Á opnum fundi í tilefni af útgáfu skýrslunnar tók til máls Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra, sem sagði ljóst að Ísland stæði sig ekki nægilega vel þegar litið væri til alþjóðlegra mælikvarða. Markmiðið væri að lífskjör á Íslandi væru eins og best verður á kosið en þá verði að vera til staðar menntakerfi sem er a.m.k. ekki síðra en í nágrannalöndunum. Lykill að því að viðhalda lífskjörum sé tiltekt í menntakerfinu.

Einnig tók til máls Kristin Clemet, menntamálaráðherra Noregs frá 2001 til 2005, og fjallaði um umbætur í menntamálum í Noregi sem ráðist var í í kjölfar slæmrar niðurstöðu í PISA-könnuninni árið 2001. Kristin sagði árangursmælingar hafa skort í norska skólakerfinu og lítið hafi verið um sjálfstætt rekna skóla. Átakið í Noregi fól í sér prófanir á landsvísu og meiri áhersla var lögð á að þjálfa grunnfærni nemenda. Þar að auki var farið í aðgerðir til þess að bæta menntun kennara og skólustjórnenda og með aukningu fjölda sjálfstætt rekinna skóla fengu nemendur og kennarar aukið valfrelsi.

## Breytingar nauðsynlegar í landbúnaði

Auk menntakerfisins fjallaði Viðskiptaráð um landbúnaðarkerfið, en það stendur á tímamótum um þessar mundir í tenglum við gerð nýrra búvörusamninga til áratugar. Í dag er um 40% matarkörfu Íslendinga toll-




vernduð og þannig í skjóli frá alþjóðlegri samkeppni um verð og gæði matvöru. Í ofanálag nema árlegar greiðslur skattgreiðenda til innlendra framleiðenda um 12 milljarða kr. á ári.

Að mati ráðsins þarf að auka sveigjanleika, efla hvata til nýsköpunar og auka samkeppnisaðhald greinarinnar. Það verður best gert með því að draga úr tollvernd landbúnaðarvara og breyta fyrirkomulagi styrkja til þeirra sem stunda rekstur í greininni. Til lengri tíma væri æskilegast að íslenskur landbúnaður gæti starfað án nokkurra samkeppnishindrana eða stuðnings af hálfu hins opinbera rétt eins og aðrar atvinnugreinar. Allar breytingar ættu því að vera í þá átt.



## Uppsagnir í kjölfar falls fjármálakerfisins

Hlutfallsleg fækkun stöðugilda, 2010 samanborið við 2008



## Afnema ætti umframréttindi opinberra starfsmanna

Viðskiptaráð blandaði sér í umræður í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga veturinn 2013–2014. Ráðið gaf út skoðun um umframréttindi opinberra starfsmanna samanborið við launþega á almennum vinnumarkaði (í júní 2015) í tilefni af kröfum stéttarféлага opinberra starfsmanna um verulegar launahækkanir. Að mati ráðsins var grundvallarforsenda fyrir sambærilegum hækkunum opinberra starfsmanna á við almenna starfsmenn að réttindi þessara tveggja hópa yrðu jöfnuð.

Opinberir starfsmenn njóta í dag betri lífeyrisréttinda, ríkara starfsöryggis, ríflegri veikinda- og orlofsréttinda, betri tækifæra til endur- og símenntunar og aukinna starfsaldurstengdra réttinda samanborið við starfsfólk á almennum vinnumarkaði. Þetta er í andstöðu við vilja almennings, en í skoðunakönnun sem framkvæmd var fyrir Viðskiptaráð töldu 80-89% svarenda að réttindi launþega ættu að vera sambærileg hjá hinu opinbera og annars staðar. Ráðið lagði því til eftirfarandi aðgerðir samhliða nýjum kjarasamningum:

Jafna lífeyrisréttindi á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Afnema sérstaka vernd gagnvart uppsögnum opinberra starfsmanna nema hjá æðstu embættismönnum.

Draga úr orlofs- og veikindaréttindum opinberra starfsmanna svo þau séu eins og á almennum vinnumarkaði.

Fyrsta skrefið í þessa átt var tekið í svokölluðu SALEK-samkomulagi aðila vinnumarkaðarins veturinn 2015-2016, en þar er kveðið á um jöfnun lífeyrisréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði. Viðskiptaráð mun halda áfram að tala fyrir jöfnun réttinda opinberra og almennra starfsmanna að öðru leyti þar til réttindi þessara tveggja hópa verða að fullu sambærileg.



# PENINGAMÁL ÁRLEGT VIÐFANGSEFNI

Viðskiptaráð stendur fyrir peningamála fundi í nóvember ár hvert þar sem seðlabankastjóri fer yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og umræður fara fram í kjölfarið. Ráðið leitast við að varpa ljósi á þau atriði í peningamálum sem helst standa fyrirtækjum í viðskiptalífinu fyrir þrífum á ári hverju.

Árið 2015 flutti Már Guðmundsson seðlabankastjóri aðalerindið undir yfirskriftinni „Peningastefna á krossgötum“. Í erindi Mús kom fram að peningastefnan væri á þrenns konar krossgötum: umskiptum frá framleiðslulaka yfir í –spennu, óróleika á vinnumarkaði og losun fjármagnshafta. Taldi Már þessa þætti spila saman með hætti sem geri mótun og framkvæmd peningastefnu vandasamari. Í erindi Mús kom einnig fram að umskipting frá framleiðslulaka yfir í –spennu kalli á aðhaldssamari peningastefnu en áður og miklar nafnlaunahækkningar séu áhyggjuefni í því samhengi.

Að loknu erindi Mús fóru fram umræður. Þar tóku þátt Ásgeir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands og efnahagsráðgjafi Virðingar, Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri markaða hjá Landsbankanum, Ólafía Björk Rafnsdóttir, formaður VR og Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands.





# 3. INNLEND ÞJÓNUSTA 2015-2016

Innlendir rekstur og þjónusta fyrirtækja er meginviðfangsefni í málefnnastarfi Viðskiptaráðs veturinn 2015-2016 í samræmi við stefnumörkun ráðsins árið 2013. Undir innlenda þjónustugeirann heyrir allur staðbundinn rekstur sem þjónustar innlandan markað. Í þennan flokk fellur fjölbreyttur hópur stórra atvinnugreina: smásala, heildsala, byggingarstarfsemi, fjármálaþjónusta, fjarskiptaþjónusta, fasteignasýsla og fjölmiðlun. Þá tilheyrja ýmsar atvinnugreinar að stórum hluta flokknum, s.s. sérfræðiráðgjöf af ýmsu tagi, veitingaþjónusta, innlend afþreying, flutningastarfsemi og starfsemi tengd upplýsingatækni. Þetta er stærsti hluti hagker fisins þegar horft er til hlutdeildar í vinnuafli og landsframleiðslu. Frammistaða þessara atvinnugreina stýrir því miklu um samkeppnisstöðu Íslands.

## Breytt umhverfi innlenda þjónustugeirans í brennidepli á Viðskiptaþingi

Viðskiptaþing 2016 er haldið undir yfirskriftinni „Héraðsmót eða heimsleikar? Innlendir rekstur í alþjóðlegu sam-

hengi.“ Á þinginu verður umræða um aukna framleiðni í forgrunni, en tækniframfarir og ný þekking eru helstu drifkraftar hennar. Í þeim felast bæði tækifæri og ógnanir fyrir þau fyrirtæki sem þegar starfa í dag. Upplýsingatækni, ný viðskiptalíkön, sjálfvirkni og breytt neytendahegðum eru allt viðfangsefni sem hafa áhrif bæði á frumkvöðla og fyrirtækjastjórnendur.

Aðalráðumenn þingsins eru Ajay Royan, áhættufjárfestir og framkvæmdastjóri nýsköpunarsjóðsins Mithril Capital Management í Silicon Valley, og Amy Cosper, ritstjóri alþjóðlega tímaritsins Entrepreneur Magazine. Þau fjalla um áhrif tæknibreytinga og breyttra viðskiptahátta á rekstrarumhverfi fyrirtækja og þær hugarfarsbreytingar sem stjórnendur þurfa að tileinka sér til að mæta þeim áskorunum sem breytingunum fylgja.



Í ritinu er fjallað um helstu áskoranir og lausnir á þeim sviðum sem mestu máli skipta svo framleiðni innlendra þjónustugreina geti aukist, en sviðin eru eftirfarandi:

1.

### Efnahagslegur stöðugleiki:

Það efnahagslega umhverfi sem fyrirtæki í innlendri þjónustu starfa og gera áætlanir innan.

2.

### Viðskiptahindranir:

Hvers kyns hindranir á alþjóðlegri eða innlendri samkeppni í þjónustugreinum hérlandis.

3.

### Leikreglur:

Þær lög og reglur sem settar eru aðilum á innlendum markaði.

4.

### Stofnanaumhverfi:

Þær þjónustu- og eftirlitsstofnanir sem ætlað er að auka skilvirkni á innlendum mörkuðum.

5.

### Verklag og viðhorf:

Vinnubrögð og starfshættir í stjórnsýslu í samhengi við innlandan rekstur.



## Hvernig má auka framleiðni í innlenda þjónustugeiranum?


Samhliða þinginu gefur Viðskiptaráð út nýtt rit sem ber heitið *“Leiðin á heimsleikana. Aukin framleiðni í innlendum rekstri.”* Í ritinu er fjallað um leiðir til að auka framleiðni innlendra þjónustugreina, en þar er helsta áskorunin að auka framleiðni og drífa þannig áfram hagvöxt með því að gera tilfærslu vinnuafis í útflutningsgreinar mögulega.

### Úttektir á innlendri þjónustu

Þennan vetur hefur Viðskiptaráð ráðist í nokkrar úttektir á viðfangsefnum sem tengjast innlendri þjónustu. Með þeim vill ráðið varpa nánara ljósi og skapa umræðu um atriði sem standa aukinni framleiðni geirans fyrir þrífum. Hér er gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

### Lögverndun atvinnugreina dregur úr

#### Leyfisskylda innan ólíkra iðngreina



## framleiðni

Fyrsta úttekt vetrarins (í september 2015) nefnist „*Banvænn bití? Lögverndun á íslenskum vinnumarkaði*“ og fjallar um leyfisskyldu sem stjórnvöld hérlendis hafa komið á sem skilyrði fyrir ákveðinni starfsemi. Með slíkri leyfisskyldu draga stjórnvöld úr samkeppni í viðkomandi atvinnugreinum, sem dregur úr framleiðni og leiðir til hærri kostnaðar neytenda og fyrirtækja vegna starfa í viðkomandi atvinnugreinum.

Flestir vita að hérlendis þarf leyfi frá stjórnvöldum til að starfa við lækningar eða lögmennsku. Færri vita að hið sama á við um kökugerð, skrudgarðyrkju og klæðskerasniði. Lögvernduðum atvinnugreinum hefur fjölgað verulega og í dag þarf leyfi stjórnvalda til að sinna 173 tegundum starfa á Íslandi. Lögverndun er ávallt komið á í nafni neytendaverndar en í reynd ber hún mörg einkenni sérhagsmunagæslu. Í krafti lögverndunar geta þeir sem fyrir sitja hækkað verð til viðskiptavina sinna og hindrað aðgengi annarra að sömu störfum. Á sama tíma bendir reynslan ekki til þess að lögverndun leiði til bættrar þjónustu.

Viðskiptaráð hvatti stjórnvöld til að fylgja erlendum fordæmum og einskorða lögverndun við þær greinar þar sem hún skilar sannarlega ávinningi. Afnáam lögverndunar í fjölmörgum atvinnugreinum myndi auka atvinnufrelsi, styðja við markmið stjórnvalda um aukna framleiðni, ýta undir nýsköpun og draga úr kostnaði fyrir bæði neytendur og fyrirtæki.



## Fasteignamarkaðurinn óhagkvæmur

Viðskiptaráð gerði einnig úttekt á fasteignagjöldum en fyrirkomulag þeirra stuðlar að óhagkvæmri nýtingu húsnæðis og eykur þannig kostnað fyrirtækja og einstaklinga á húsnæðismarkaði. Í því samhengi benti ráðið á fjögur atriði:

### Húsbyggingarferlið kortlagt

Auk úttektar á skattheimtu á fasteignamarkaði réðst Viðskiptaráð einnig í kortlagningu á regluverksumhverfi vegna byggingar húsnæðis í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Þar kom í ljós umtalsverð óskilvirkni sem er

**Atvinnuhúsnæði er skattlagt sexfalt á við íbúðarhúsnæði.** Sveitarfélög leggja að meðaltali 1,64% fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði samanborið við 0,29% á íbúðarhúsnæði.

**Stimpilgjöld voru tvöfölduð á einstaklinga og fjórfölduð á lögaðila** árið 2013 vegna fasteignaviðskipta þrátt fyrir að gjöldin hafi skaðlegri áhrif en flestir aðrir skattar.

**Þrjú fjórðu hlutar fasteignaskatta leggjast á byggingar en fjórðungur á lóðir.** Réttara væri að hærra hlutfall skattheimtunnar leggjast á lóðir til að auka fjárfestingu og hagkvæmni byggðapróunar.

**Álagning fasteignagjalda hjá sveitarfélögum er margvísleg.** Til dæmis eru a.m.k. fjórar aðferðir notaðar við ákvörðun vatnsgjalds.

til þess fallin að auka byggingarkostnað:

Viðskiptaráð kallaði í framhaldi af úttektinni eftir ein-

földun regluverks og breyttri stofnanaumgjörð í tengslum við húsbyggingar. Meðal annars ætti að leggja niður embætti allra byggingarfulltrúa og færa leyfisveitingar

**Byggingarfulltrúa ber að skoða allt að 904 atriði** þegar hönnunargögn eru afgreidd. Skortur á samræmdum vinnubrögðum leiðir til þess að stór hluti fulltrúa fer yfir öll atriðin þótt um smærri framkvæmdir sé að ræða og slikt sé óþarft.

**Húsbyggjandi getur þurft að leita til 51 ólíkra byggingarfulltrúa** eftir því hvar eignin er staðsett. Fulltrúarnir geta gefið misvísandi upplýsingar og sinna leiðbeiningarskyldu sinni oft með ófullnægjandi hætti.

**21 sjálfstæð áfangaúttekt auk öryggis- og lokaúttektar þurfa að fara fram** áður en mannvirki er tekið í notkun.

þeirra til Mannvirkjastofnar, samræma reglur um lóðaúthlutanir á landsvísu, fækka atriðum sem farið er yfir við afgreiðslu byggingarleyfis, heimila húsbyggjanda að sinna jafnframt hlutverki byggingarstjóra í sérbýli, þrepaskipta kvöðum um skil hönnunargagna, draga úr umframkröfum í byggingareglugerð, auka notagildi áfrýjunarréttar, einfalda gjaldheimtu sveitarfélaga og fækka sjálfstæðum úttektum.

## Efnahagslegur óstöðugleiki skaðar innlendan rekstur

Loks gerði ráðið úttekt á efnahagsumhverfinu sem inn-

# AF HVERJU ER DÝRT AÐ BYGGJA?

Flókið regluverk eykur byggingarkostnað og hækkar húsnæðisverð



lend fyrirtæki starfa við. Þar kemur fram að verðlags- og hagvaxtarsveiflur hérlandis eru þær mestu af öllum iðnríkjum. Þá færast vinnuafli til og frá innlendum þjónustugreinum samhliða gengisbreytingum. Í aðdraganda fjármálakreppunnar fjölgaði starfsfólki í innlendum greinum á meðan útflutningsgreinar sátu eftir. Eftir veikingu krónunnar varð þróunin hins vegar öfug. Auk þess sveiflast fjárfesting einnig samhliða breytingum á styrk krónunnar. Fjárfestingar nýtast verr eftir því sem sveiflurnar verða meiri.

Gengisbreytingar krónunnar eru hins vegar birtingarmynd óstöðugleikans frekar en orsök. Óbreytt hagstjórn með nýjan gjaldmiðil myndi skapa annars konar vandamál. Ef draga á úr efnahagslegum óstöðugleika þarf að ráðast að grunnrótum vandans: hagstjórninni. Í því felst að ráðist verði í aðgerðir á öllum þremur sviðum hennar – fjármálum hins opinbera, peningastefnu og vinnu-




markaði. Skilningur á viðfangsefnum hefur aukist á undanförunum misserum. Því er að mati Viðskiptaráðs tilefni til bjartsýni um að vel takist til við umbætur.

## Kynningar á regluverks- og eftirlitsumhverfinu

Viðskiptaráð hefur kynnt helstu áskoranir á sviði regluverks og opinbers eftirlits á ýmsum vettvangi í vetur og lagt fram tillögur til úrbóta. Ætlunin með kynningunum er að auka skilning – bæði meðal almennings og einnig ákveðinna aðila eins og stjórnmalamanna og starfsfólks í stjórnslu – á nauðsyn þess að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja þegar kemur að þessum viðfangsefnum.

## Hvað stendur framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, flutti erindi á fundi Samráðsvettvangs um aukna hagsæld í september 2015. Samráðsvettvangurinn er þverpólitískur vettvangur þar sem sæti eiga formenn allra stjórnmalaflokka á Alþingi ásamt aðilum vinnumarkaðarins og



leiðtogum úr stjórnsýslu, fræðasamfélagi og atvinnulífi.

Í erindi Frosta kom fram að margvíslegar brotalamir séu við mótnu regluverks héraendis. Til dæmis er engin krafa gerð um að litið sé til alþjóðlegra staðla og reglna áður en reglusetning fer fram, engin krafa er gerð um að frávik séu útskýrð, engir samræmdir árangursmælikvarðar eru til staðar innan ráðuneyta til að sporna gegn reglubyrði, regluverk er of sjaldan endurskoðað með tilliti til breyttra aðstæðna og að aðlögunartími regluverks er oft skammur.

Þá benti Frosti á að íþyngjandi regluverk hafi oft ófyrirséðar afleiðingar, til dæmis í formi hærri byggingakostnaðar eða aukins vaxtamunar á fjármálamarkaði, og bitni þannig á neytendum í stað þess að vernda þá. Þá bitnar íþyng-

jandi regluverk í meiri mæli á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og eykur þannig aðgangshindranir í atvinnugreinum og dregur úr samkeppni. Afleiðing þess er lægri framleiðni en ella.


### Opinbert eftirlit: dulin skattheimta?

Á Skattadeginum 2016 í janúar flutti Marta Guðrún Blöndal, lögfræðingur Viðskiptaráðs, erindi um opinbert eftirlit héraendis. Í erindi sínu fjallaði Marta Guðrún um margvíslegan kostnað sem fellur á íslensk fyrirtæki vegna opinbers eftirlits. Ræddi hún m.a. um innheimtu eftirlitsgjalda og þróun þeirra.

Þá velti hún upp þeirri spurningu hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi við ákvörðun sektarfjárhæða hjá hinu

## Samræmi í stefnu við reglusetningu

Skali 0–20, 20=mest samræmi



opinbera. Loks taldi hún mikilvægast að stjórnvöld legðust af krafti í framkvæmd áætlana um einföldun regluverks og eftirlits þar sem mikill kostnaður, bæði beinn og óbeinn, hljótist af flóknu nógildandi kerfi.

### **Pólitíska forystu þarf um einföldun regluverks**

Regluverk hérlendis er þyngjandi miðað við grannríkin og skortur hefur verið á efndum fyrirheita um einföldun þess. Þetta kom fram í erindi sem Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, flutti á hádegisverðarfundum Félags löggiltra endurskoðenda í október 2015.

Í erindi sínu sagði Björn að gæta þurfi að því við setningu nýrra reglna að ávinningurinn sé meiri en heildarkostnaður. Jafnframt þurfi að tryggja að eftirlit keyri ekki úr hófi fram. Björn sagði beinan kostnað vegna regluverks umtalsverðan en óbeini kostnaðurinn – í formi lægri framleiðni – væri meiri. Björn sagði að auka mætti líkur á innleiðingu árangursríkra aðgerða til einföldunar regluverks með aukinni aðkomu stjórnmalanna. Sú aðkoma þurfi að vera í formi aukinnar pólitískrar forystu, gagnsæis og eftirfylgni með framvindu í einföldunarferlinu. Yfirlýstur vilji stjórnmalanna sé ekki allt sem þurfi.



# SAMKEPPNISMÁL Í BRENNIDEPLI

Samkeppnismál hafa verið ofarlega á dagskrá í mál-efnastarfi Viðskiptaráðs undanfarin ár og eru nátengd innlendum þjónustugreinum. Af þeim sökum hefur Viðskiptaráð lagt sérstaka áherslu á samkeppnismál í starfi vetrarins. Haustið 2015 hófst því vinna við að kortleggja samkeppnisumhverfið á Íslandi með það að markmiði að kanna hvernig íslensk samkeppnislög og framkvæmd þeirra standa í samanburði við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum og Evrópuríkjum.

Þó kortlagningin standi enn yfir má ráða af þeirri vinnu sem er lokið að íslensk löggjöf er gjarnan fyrirtækjum meira íþyngjandi en þekkist í öðrum ríkjum. Viðskiptaráð vill því stuðla að umræðu um hvort unnt sé að færa samkeppnislöggjöfina og framkvæmd hennar nær því sem tíðkast innan annarra Evrópuríkja.

Um miðjan desember 2015 hélt Viðskiptaráð opinn fund um réttarstöðu fyrirtækja við rannsókn mála ásamt Samtökum atvinnulífsins. Þar var fjallað um réttarstöðu fyrirtækja sem sæta rannsókn af hálfu opinbers eftirlits vegna mögulegra brota, m.a. á samkeppnislögum.

Una Særún Jóhannsdóttir, sérfræðingur hjá sænska samkeppniseftirlitinu fjallaði um hvað er ólíkt í samkeppnisréttarumhverfinu hér á landi og annars staðar í Evrópu. Af erindi Unu var ljóst að framkvæmd og heimildir íslenska samkeppniseftirlitsins eru að mörgu leyti viðtækari en þekkist annars staðar. Má þar helst nefna heimildir til að breyta skipulagi fyrirtækja, fyrirkomulag við ákvörðun sekta og framkvæmd húsleita.

Viðskiptaráð mun vinna áfram að ítarlegri kortlagningu samkeppnisumhverfisins hérlendis í samráði við sérfræðinga á komandi mánuðum. Það er von ráðsins að sú vinna muni skila málefnalegri umræðu og leiða til bættrar umgjörðar þegar kemur að því að tryggja skilvirka samkeppni hérlendis.



# ALMENN VIÐFANGSEFNI VETRARINS

Þrátt fyrir áherslu ráðsins á innlenda þjónustu í vetur hafa önnur almennari viðfangsefni tengd atvinnulífinu einnig verið tekin fyrir í málefnnastarfi ráðsins. Að mati Viðskiptaráðs er grunnhlutverk ráðsins að vinna ávallt að auknum skilningi á nauðsyn skilvirkis opinbers rekstrar og hagfelldri umgjörð verðmætasköpunar. Af slíkum umfangullunum í vetur má þar til dæmis nefna málefni sveitarfélaga, heilbrigðiskerfið, rekstur hins opinbera á Keflavíkurflugvelli, stofnanafyrirkomulagið hérlendis og sérverkefni tengd samkeppnismálum og skattkerfinu.

## Heilbrigðiskerfið stendur sterkum fótum

Umræða um heilbrigðismál hefur farið hátt undanfarin misseri. Málaflokkurinn er jafnframt meðal þeirra kostnaðarsömustu í opinberum rekstri. Viðskiptaráð réðst í úttekt á stöðu og helstu áskorunum heilbrigðiskerfisins hérlendis og niðurstaða hennar var ekki í samræmi við opinbera umræðu. Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, kynnti niðurstöður úttektarinnar á opnum fundi í september 2015.

Af fjölmiðlaumfjöllun mætti ætla að íslenska heilbrigðiskerfið stæði höllum fæti en reyndin er að heilbrigðisþjónusta hérlendis er í sterkri stöðu bæði í alþjóðlegu og sögulegu samhengi. Þessi sterka staða er staðreynd hvort sem litið er til fjármögnunar, lýðheilsu, aðbúnaðar eða árangurs algengustu meðferðarúrræða.

Þessi góði árangur er hins vegar ekki að kostnaðarlausu. Heilbrigðismál eru stærsti útgjaldaliður nýjustu fjárlaga og einstaklingar greiða að meðaltali yfir 100.000 kr. á ári í þjónustugjöld. Þá eru stórar áskoranir framundan en vegna öldrunar þjóðarinnar munu útgjöld til heilbrigðisþjónustu vaxa ríflega þrefalt hraðar á næstu 30 árum samanborið við síðastliðin 30 ár.


Hækkanir skatta eða gjaldskráa eru ósjálfbærar leiðir til að mæta þessari aukningu. Vegna stærðar vandans þurfa stjórnvöld að líta til annarra valkosta. Aukin hagkvæmni og afmörkun þjónustu eru vænlegustu valkostir stjórnvalda. Með þeim má draga úr útgjaldavexti og tryggja þannig hagfelldara umhverfi verðmætasköpunar án þess að það bitni á gæðum heilbrigðisþjónustu.

## Einkaaðilar fjármagni uppbyggingu Keflavíkurflugvallar

Hreggviður kynnti einnig sýn Viðskiptaráðs á aðkomu hins opinbera að rekstri Keflavíkurflugvallar á opnum fundi í Reykjanesbæ í október 2015. Í erindi Hreggviðs



## Íslenskt heilbrigðiskerfi er í sterkri alþjóðlegri stöðu



kom fram að aðkoma einkaaðila að uppbyggingu í Keflavík gæti skilað hinu opinbera margþættum ávinningi í formi sparnaðar, fyrirsjáanleika og hraðari uppbyggingar.

Að mati Viðskiptaráðs er helsta tímaskekkjan í rekstri ISAVIA ohf. umsvif félagsins á smásölumarkaði í gegnum Fríhöfnina. Þar sem Fríhöfnin þarf ekki að standa skil á virðisaukaskatti eða tollum er samkeppnisstaðan skökk gagnvart öðrum sem selja sams konar vörur.


Hreggviður lagði fram tillögur Viðskiptaráðs um að opnað yrði fyrir einkafjármögnun framkvæmda á Keflavíkurflugvelli og að komufríhöfn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar yrði aflögð til að skekkja ekki samkeppnisstöðu innlendrar verslunar. Þá lagði Hreggviður til að Fríhöfnin ehf. yrði lögð niður og

verslunarrými hennar í brottfararrými flugstöðvarinnar boðið út til útleigu.

### Ríkisstofnunum fækki úr 182 niður í 70

Í desember 2015 birti Viðskiptaráð 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana undir yfirskriftinni „*Sníðum stakk eftir vexti.*“ Titillinn vísar til þess að Ísland sé örríki í alþjóðlegum samanburði. Þrátt fyrir það höldum við úti 182 ríkisstofnunum og nokkur hundruð rekstrareiningum til viðbótar á sveitastjórnarstiginu. Að mati ráðsins eru umtalsverð tækifæri til fækkunar stofnana, ýmist í gegnum samrekstur, faglegar sameiningar, hreinar sameiningar eða aflagningu starfsemi.

Reynslan sýnir að sameiningar geta skilað bæði faglegum og fjárhagslegum ávinningi. Sameiningar lögreglu- og



Opna fyrir **aðkomu einkaaðila** að fjármögnun framkvæmda

**Fríhöfnin ehf.** lögð niður, komufríhöfnin aflögð og rýmið boðið út





## SAFNASTOFNUN

Hljóðbókasafn Íslands	Listasafn Einars Jónssonar
Kvikmyndasafn Íslands	Listasafn Íslands
Landbókasafn Íslands	Náttúruminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands	Þjóðminjasafn Íslands

Hægt væri að reka öll söfn á vegum hins opinbera undir einni stofnun

skattembætta sýna að bæði faglegur og rekstrarlegur ávinningur skapast, en þjónusta beggja aðila batnaði í kjölfar sameininga þrátt fyrir samdrátt í fjárheimildum á sama tíma.

Við sameiningar stofnana er síðan lágmarkskrafa að fjárheimildir sameinaðra stofnana fari ekki fram úr samlögðum fjárheimildum þeirra sem fyrir voru. Sé fjárhagslegur ávinningur fyrirséður ætti að fylgja samsvarandi hagræðingarkrafa við sameiningu.



## Sníðum stakk eftir vexti

### 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana

Ísland er örríki í alþjóðlegum samanburði. Þrátt fyrir það höldum við úti stofnanakerfi sem jafnast á við mun fjölmennari þjóðir. Kostnaður þjófélagsins af slíku fyrirkomulagi er mun hærri en annars staðar og tekur á sig tvær myndir. Annars vegar er beinn kostnaður stofnana hlutfallslega hærri héraendis þar sem færri skattgreiðendur standa undir honum. Hins vegar skapar smæð stofnana óbeinan kostnað af ýmsu tagi.

Því smærri sem stofnanir eru því herra hlutfall fjármagns þeirra fer í stjórnun og stoðþjónustu í stað kjarnastarfsemi. Þá hafa smærri stofnanir síður bolmagn til að takast á við flókin og fjölbætt verkefni sem krefjast djúprar sérfræðisþekkingar. Að lokum getur flókið stofnanaumhverfi leitt til skörunar verkefna og togstreitu meðal embættismanna um úthlutun fjármuna. Helsta birtingarmynd hins óbeina kostnaðar er því lakari þjónusta en raunin þyrfti að vera.

Þrátt fyrir að þetta séu gömul sannindi og ný gengur stjórnálagum erfiðlega að fækka stofnunum. Í dag er svo fyrir komið að hjá ríkinu eru stofnanirnar ríflega 180 talsins. Þá eru ótaldir nokkur hundruð rekstrareiningar til viðbótar á sveitastjórnarstiginu. Stofnanaumhverfið héraendis er því fjarríki að uppfylla kröfur um hagkvæman og skilvirkan opinberan rekstur.

#### Góð reynsla af sameiningum

Engin efnisleg rök standa í vegi fyrir einföldun stofnanakerfisins enda hefur reynsla af sameiningum verið jákvæð. Sem dæmi skapaði sameining lögregluembættis í upphafi árs 2007 svigrúm til að mæta miklum niðurskurði í kjölfar bankahrunsins án þess að rýra gæði þjónustunnar. Þvert á móti batnaði þjónustan á sama tíma og niðurskurðurinn átti sér stað: hlutfall upplýstra mála jókst um 29%, eignaspjöllum fækkaði um 40% og ánægja með störf lögreglunnar jókst um 5%.

Skóðun 17. desember 2015


„Stofnanaumhverfið héraendis er fjarríki að uppfylla kröfur um hagkvæman og skilvirkan opinberan rekstur.“

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# Í hvað fara LAUNIN MÍN?

## Launatengd gjöld og skattar

Lækkun skatta á vinnu og einföldun launafyrirkomulaga skilar sér beint til launþega í formi hærri grunnlauna.



# VITUNDARVAKNING UM ÁHRIF SKATTHEIMTU

Auk framangreindra almennra viðfangsefna hefur Viðskiptaráð í vetur unnið að vitundarvakningu meðal almennings um áhrif skatta á kaupmátt og lífskjör. Þar ber hæst upplýsingaspjald um launatengda skatta, gjöld og kvaðir sem draga verulega úr kaupmætti launþega hérlandis. Þar kemur fram að til að greiða hálfja milljón í grunnlaun þurfi að leggja út sem nemur 740 þúsund krónum á mánuði.

Fyrir einstaklinga skipta útborguð mánaðarlaun mestu máli. Vinnuveitendur horfa hins vegar á heildarkostnað vegna launa og launatengdra gjalda. Á milli þessara tveggja stærða er breitt bil. Auk beinna launa greiða vinnuveitendur tryggingagjald og mótframlag til lífeyris. Því til viðbótar njóta starfsmenn orlofsréttinda og annarra fríðinda sem ekki koma fram á launaseðli. Til að geta greitt starfsmanni 500 þúsund krónur í grunnlaun þarf því að leggja út sem nemur 740 þúsund krónum á mánuði. Eftir lögboðnar skatt- og lífeyrisgreiðslur nema grunnlaunin um 340 þúsund krónum.

Bilið á milli kostnaðar vinnuveitanda og grunnlauna starfsmanns eftir skatt nemur því 400 þúsund krónum.

Undir slíkum kringumstæðum er hætt við að upplifun þessara tveggja aðila á launakjörum sé ólík. Viðskiptaráð hvetur því til að dregið verði úr þessum mismun með lækkun launatengdra skatta (tryggingagjalds, tekjuskatts og útsvars) samhliða afnámi samningsbundinna eingreiðslna.

## Skattheimta sveitarfélaga gerð gagnsæri

Á næstu vikum mun ráðið jafnframt birta nýja örvefsíðu þar sem einstaklingar geta borið saman gjaldheimtu ólíkra sveitarfélaga miðað við sínar tekjur og heimilisaðstæður. Með örvefsíðunni er ætlun Viðskiptaráðs að skapa auknið gagnsæi um gjaldheimtu sveitarfélaganna hérlandis en líkt og kom fram hér að framan er hún afar ógagnsæ. Það er von ráðsins að örvefsíðan skapi aukna umræðu um skattheimtu á sveitarstjórnarstigun og leiði til tímabærra umbóta á því sviði.

Í framhaldi af birtingu örvefsíðunnar stefnir ráðið að fleiri samantektum á áhrifum skatta á lífskjör einstaklinga. Markmið ráðsins er að slíkar samantektir verði mikilvæg heimild til að veita stjórnvöldum aðhald þegar kemur að innheimtu skatta.

1. Til að leggja á fjárfestingarhlutfæringu í launakostnað heildarinn 2012.  
 2. Stafræning vinnuveitanda kemur 8% af heildarlaungreiðslum í almannatryggingu og 11,5% í launatengdum gjöldum.  
 3. Tryggingagjöld nema í dag 7,5% af heildarlaungreiðslum vinnuveitanda.  
 4. Engin lífeyrisbætur greiddar til starfsmanna.  
 5. Gjöld eru 10% í launatengdum gjöldum og 10% í launatengdum gjöldum.  
 6. Tekjuskattur og útsvar eru 10% í launatengdum gjöldum og 10% í launatengdum gjöldum.  
 7. Starfsmanni er sýnt að greiða 8% af launatengdum gjöldum í lífeyrisgjöldum.



# MÁLSVARI ATVINNULÍFSINS

Sam heildarsamtök atvinnulífsins starfar Viðskiptaráð óskipt að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Þá vinnur ráðið einnig að sértækum málum í þágu aðildarfélaga sinna. Þessu hlutverki sinnir Viðskiptaráð meðal annars með því að beita sér fyrir hagfelldu laga- og regluverksumhverfi og vönduðum stjórnarsýsluháttum opinberra aðila. Starfsfólk Viðskiptaráðs blandar sér einnig í opinbera umræðu með greinaskrifum og þátttöku í sjónvarps- og útvarpsþáttum þegar málefni viðskiptalífsins eru til umræðu.

## Umsagnir til þingnefnda og ráðuneyta

Í því augnamiði að bæta rekstrarumhverfi íslensks viðskiptalífs og styrkja forsendur fyrir aukinni verðmætasköpun beitir Viðskiptaráð sér fyrir hagfelldri laga- og regluverksumgjörð fyrir íslensk fyrirtæki. Á ári hverju veitir ráðið umsagnir um tugi lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna sem lögð eru fram á Alþingi í þessum tilgangi. Í flestum tilfellum er um að ræða frumvörp sem varða viðskiptalífið með beinum eða óbeinum hætti. Starfsmenn Viðskiptaráðs eru einnig reglulega boðaðir á fundi með þingnefndum til að fjalla um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.

Til viðbótar við lög og þingsályktunartillögur fylgist Viðskiptaráð með breytingum á reglugerðum og veitir umsagnir til ráðuneyta ef svo ber undir. Þá hefur það færst

í aukana á undanförunum árum að drög að lagafrumvörpum séu birt á vefsíðum ráðuneyta til rýni fyrir hagsmunaaðila. Viðskiptaráð hefur nýtt sér þessa nýjung í miklum mæli, enda heppilegt að sjónarmið hagsmunaaðila komi að sem fyrst í löggjafarferlinu.

Þá hafa mörg mikilvæg mál komið á borð Viðskiptaráðs að frumkvæði aðildarfélaga og eru félagar hvattir til að hafa samband við starfsfólk Viðskiptaráðs hafi þeir skoðanir á regluverki, sérstaklega ef það er í mótun hjá ráðuneytum eða til umfjöllunar á Alþingi.

## Ferli þingmála hjá Alþingi má skipta í sjö skref

UNDIRBÚNINGUR	Undirbúningur lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna
ÞINGMÁL	Lagafrumvarp eða þingsályktunartillaga er lögð fram á Alþingi
MÁL Í NEFND	Eftir fyrstu umræðu er frumvarpi eða þingsályktunartillögu vísað til þingnefndar
UMSÖGN	Þingnefnd óskar eftir skriflegum athugasemdum hagsmunaaðila og sérfræðinga
NEFNDARFUNDUR	Þingnefnd boðar hagsmunaaðila og sérfræðinga á fund sinn og skilar nefndaráli
AFTUR TIL UMRÆÐU	Málið fer aftur til umræðu á Alþingi en heimilt er að vísa frumvarpi aftur til nefndar á milli annarrar og þriðju umræðu
LÖG / ÞINGSÁLYKTUN	

Við ritun umsagna hefur Viðskiptaráð það að leiðarljósi að verja mestum kröftum í mál sem hafa mikil áhrif eða snerta breiðan hóp aðildarfélaga ráðsins. Þar sem málefnið sem Viðskiptaráð lætur sig varða eru af mjög fjölbreyttum toga leitar ráðið reglulega til félaga til að fá afstöðu þeirra til ýmissa mála.

Sem dæmi um beina hagsmunagæslu Viðskiptaráðs má nefna eftirfarandi umsagnir um þingmál, reglugerðir og frumvarpsdrög sem varða ólíka málaflokka. Í neðangreindum málum lýsir Viðskiptaráð bæði afstöðu sinni til sértækra mála og mála sem varða stefnu stjórnvalda í ákveðnum málaflokkum.

### Milliverðlagsreglur

Í byrjun árs 2014 voru leiðbeiningarreglur OECD um milliverðlagningu innleiddar hér á landi. Þegar reglurnar voru leiddar í lög hér á landi kváðu lögin á um að lögaðili væri skjölunarskyldur vegna viðskipta við tengda aðila ef rekstrar- tekjur hans á einu reikningsári eða heildareignir í upphafi eða við lok reikningsárs væru yfir einum milljarði króna.

Innleiðing reglnanna sem slík var breyting til batnaðar þar sem löggjöfin hér á landi var færð í átt til þess sem tíðkast annars staðar. Hins vegar virðist sem bæði stjórnvöldum og hagsmunaaðilum hafi yfirsést ákveðnir annmarkar á útfærslu reglnanna þegar löggjöfin var til umfjöllunar. Það var því mat Viðskiptaráðs að ástæða væri til að breyta reglunum þannig að þær væru minna íþyngjandi, einkum með því að undanþiggja innlenda aðila skjölunarskyldu.

Beitti ráðið sér fyrir slíkri breytingu á lögum sem nú hefur náð fram að ganga.

Aðkoma Viðskiptaráðs að málinu hófst þegar drög að reglugerð með útfærslu á milliverðlagsreglunum var auglýst til umsagnar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í september 2015. Var það mat ráðsins að reglugerðin hefði skapað fjölda fyrirtækja umtalsverðan kostnað vegna skjölunarskyldu vegna viðskipta við tengda aðila.

Viðskiptaráð skilaði inn umsögn um reglugerðardrögin og fundaði með starfshópnum sem skrifaði reglugerðina. Ljóst varð að til að unnt væri að undanskilja innlenda aðila frá skjölunarskyldu þyrfti að gera breytingu á tekjuskattslögum. Svo vildi til að þegar hafði verið lagt fram frumvarp sem kvað á um breytingar á öðrum ákvæðum tekjuskattslaga. Viðskiptaráð beitti sér fyrir því að inn í það frumvarp yrði bætt ákvæði sem kvæði á um undanþágu frá skjölunarskyldu fyrir innlenda aðila.<sup>1</sup>

Fjármála- og efnahagsráðuneytið studdi tillögu Viðskiptaráðs en hún var ekki óumdeild. Fór það loks svo að frumvarpið fór óbreytt til annarrar umræðu innan þingsins. Fulltrúar Viðskiptaráðs höfðu þá samband við nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar sem féllust á að ástæða væri til að taka málið aftur fyrir í nefndinni. Var málinu því vísað aftur til efnahags- og viðskiptanefndar eftir aðra umræðu þingsins.

Fulltrúar Viðskiptaráðs mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar og færðu rök fyrir því að eðlilegast væri að undanþiggja innlenda aðila skjölunarskyldu. Meirihluti nefndarinnar komst þá að þeirri niðurstöðu að réttmæt rök væru fyrir því að undanskilja innlenda aðila og var breytingartillaga nefndarinnar samþykkt á Alþingi þann 15. júní 2015.

## Mikill ávinningur fyrir íslensk fyrirtæki

Erfitt er að áætla heildarávinning þess að innlendir aðilar hafi verið undanskildir skjölunarskyldu. Þau innlendu félög sem eru með yfir milljarð króna í veltu hefðu verið skjölunarskyld vegna viðskipta við tengd félög samkvæmt lögunum eins og þau lágu fyrir. Kostnaður umræddra fyrirtækja vegna skjölunarskyldu skiptist í stofnkostnað við upphaf skjölunarskyldu, meðal annars vegna ráðningar utanaðkomandi ráðgjafa, og viðvarandi kostnað vegna ráðgjafar og viðhaldi á gagnagrunnum. Ljóst má vera að samanlagðir hagsmunir íslenskra fyrirtækja hlaupa á hundruðum milljóna alls.

## Breyting á lögum um ársreikninga

Í september 2015 lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga á vefsíðu ráðuneytisins. Í frumvarpsdrögunum var kveðið á um ýmsar íþyngjandi breytingar fyrir íslensk fyrirtæki. Í umsögn Viðskiptaráðs um frumvarpsdrögin gagnrýndi ráðið meðal annars harðlega þá breytingu að takmarka ætti heimildir til útgreiðslu arðs á grundvelli breytinga á virðismati fjárfestingareigna. Viðskiptaráð taldi breytinguna vera afar íþyngjandi og ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar sem markmiðið var að innleiða. Í umsögn sinni benti ráðið á að líklega væri um ranga túlkun á tilskipuninni að ræða og hvatti ráðuneytið til að taka ákvæðið til nánari athugunar. Ráðuneytið tók að miklu leyti tillit til athugasemda Viðskiptaráðs og í janúar 2016 var frumvarpið lagt fram á Alþingi án þeirra íþyngjandi kvaða um útgreiðslu arðs sem var að finna í frumvarpsdrögunum.<sup>2</sup>

## Virkníurræði fyrir atvinnuleitendur


Í mars 2015 skilaði Viðskiptaráð inn umsögn til velferðarnefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar sem kvað á um eflingu virkníurræða fyrir atvinnuleitendur. Í umsögn sinni tók Viðskiptaráð undir markmið tillögunnar og taldi það vera samfélaginu til hagsbóta að ráðast í umbætur á þessu sviði. Viðskiptaráð tók jafnframt undir þau sjónarmið sem komu fram í tillögunni um að nauðsynlegt væri að nýta lagaheimildir sem skylda atvinnuleitendur til að taka þátt í virkníurræðum. Í umsögn sinni benti Viðskiptaráð einnig á mikilvægi þess að aðstoð við þá sem eru óvirkir á vinnumarkaði vegna örorku yrði gerð skilvirkari. Núverandi fyrirkomulag leiddi til þess að fjöldi einstaklinga sem hefur starfsgetu upp að ákveðnu marki finni sér ekki störf þrátt fyrir að hafa vilja til þess.

## Íþyngjandi kröfur um upplýsingar í lyfjaauglýsingum

Í október 2015 óskaði velferðarráðuneytið eftir umsögnum um drög að nýrri reglugerð um lyfjaauglýsingar. Viðskiptaráð skilaði inn umsögn um málið og gerði margvíslegar athugasemdir við reglugerðardrögin. Má þar helst nefna að ráðið taldi þær kröfur sem gerðar voru til upplýsinga í lyfjaauglýsingum mjög íþyngjandi.



Benti Viðskiptaráð á að með þessum hætti væru gerðar mun meiri kröfur um upplýsinga í lyfjauglýsingum hér á landi en í nágrannalöndum Íslands. Viðskiptaráð taldi að í flestum tilfellum væri nægjanlegt að í auglýsingu kæmi fram tilvísun í fylgiseðil sem fylgir viðkomandi lyfi. Af uppfærðum reglugerðardrögum er



ljóst að velferðarráðuneytið tók í meginatriðum tillit til athugasemda Viðskiptaráðs um málið. Í hinum nýju drögum eru kröfur um upplýsingar í lyfjauglýsingum í takt við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum.

## Samkeppni í mjólkuriðnaði

Í maí 2015 skilaði Viðskiptaráð inn umsögn til atvinnuveganefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með frumvarpinu var lagt til að undanþágur frá samkeppnislögum er varða samráð, samruna og verðtilfærslu í mjólkuriðnaði myndu falla brott. Tók Viðskiptaráð heilshugar undir þá breytingu. Benti ráðið á að engin haldbær rök væru fyrir því að heimila undanþágur frá samkeppnislögum þegar kemur að mjólkuriðnaði og að umræddar undanþágur gangi gegn markmiði samkeppnislaga. Benti ráðið á að vísbendingar væru um að skortur á samkeppnisaðhaldi hafi leitt til sóunar þar sem framleiðni í mjólkurframleiðslu er um 20% lægri hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Afleiðing þess væri hærri framleiðslukostnaður við mjólkurframleiðslu en vera þyrfti og þar með sóun á þjóðhagslegum verðmætum.

Í bréfinu hvatti Viðskiptaráð fjármála- og efnahagsráðherra til að beita sér fyrir eftirtöldum umbótum:

### 1.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans myndi bæta framkvæmd við afgreiðslu undanþágubeiðna með styttingu afgreiðslutíma og skilvirkari samskiptum við umsækjendur.

### 2.

Settur yrði hámarkstími á afgreiðslu undanþágubeiðna. Tíminn gæti verið mismunandi eftir eðli beiðna.

### 3.

Gagnsæi og jafnræði í framkvæmd gjaldeyris- eftirlitsins yrði tryggt með birtingu ákvarðana með þeim hætti að þagnarskyldu sé gætt.

### 4.

Kæruleið yrði komið á að nýju þannig unnt sé að láta reyna á bæði málsmeðferð og niðurstöðu ákvarðana með fljótvirkum hætti.

## Málsvar gagnvart öðrum opinberum aðilum

Viðskiptaráð beitir sér ekki einvörðungu í þágu hagsmuna viðskiptalífsins með afskiptum af setningu laga og reglna. Ráðið hefur til að mynda gert athugasemdir við stjórnslu ýmissa opinberra aðila. Má í þessu samhengi nefna að í september 2014 sendi Viðskiptaráð fjármála- og efnahagsráðherra og umboðsmanni Alþingis bréf með ábendingum um nauðsynlegar umbætur á stjórnsluháttum Seðlabanka Íslands.<sup>3</sup> Bréfið var sent í kjölfar fjölda athugasemda frá aðildarfélögum ráðsins varðandi starfshætti bankans við afgreiðslu undanþágubeiðna.

Helstu ábendingar Viðskiptaráðs vörðuðu eftirfarandi atriði:



Afgreiðsla umsókna tekur langan tíma og skortur er á leiðbeiningum.

Fyrirtæki hafa engin tímamörk eða viðmið um hámarkstíma við afgreiðslu undanþágubeiðna til að horfa til.

Ógagnsæi ríkir um ákvarðanatöku gjaldeyriseftirlitsins þar sem ákvarðanir þess eru ekki birtar.

Skortur er á kæruleið vegna synjunar á undanþágubeiðni.

Jafnræði á milli umsækjenda hefur verið dregið í efa af forsvarsmönnum fyrirtækja.



Jafnframt hvatti ráðið umboðsmann Alþingis til að beina þeim tilmælum til Seðlabankans að bæta framkvæmd við

afgreiðslu undanþágubeiðna frá gjaldeyrishöftum svo tryggt sé að hún samræmist stjórnslulögum.

Í kjölfar bréfsins boðuðu stjórnendur Seðlabankans og gjaldeyriseftirlitsins fulltrúa Viðskiptaráðs á fund og fóru yfir sjónarmið sín í málinu. Eftir fundinn voru ítarlegri leiðbeiningar um undanþágur frá gjaldeyrislögum birtar á heimasíðu Seðlabankans auk upplýsinga um ferli mála hjá gjaldeyriseftirliti bankans.

## Nefndir og samstarfsverkefni

Starfsfólk og stjórnarmenn Viðskiptaráðs sitja í margvíslegum nefndum og starfshópum og beita sér fyrir hagsmunum viðskiptalífsins á þeim vettvangi. Af slíkri samvinnu má helst nefna eftirfarandi verkefni.

## Samráðsvettvangur um aukna hagsæld

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið virkan þátt í störfum Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Hugmyndafræði vettvangsins fellur vel að sjónarmiðum ráðsins um mikilvægi þess að marka skýra og heildstæða langtímastefnu í efnahagsmálum sem miðar að aukinni framleiðni á öllum sviðum hagkerfisins. Hreggviður Jónsson, frafarandi formaður Viðskiptaráðs, og Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hafa setið fundi Samráðsvettvangsins og gert grein fyrir afstöðu ráðsins í þeim málum sem hafa verið til umfjöllunar.

Óhætt er að segja að það sé einstakt afrek að hafa náu helstu hagsmunaaðilum í íslensku efnahagslífi saman við eitt borð til að ræða mörg þeirra umdeildu mála sem hafa verið til umfjöllunar. Árangur þessarar vinnu hefur verið tvíþættur. Verkefnastjórn vettvangsins framviðamiklar hagvaxtartillögur sem spönnuðu alla hluta

hagkerfisins. Ýmsar þessara tillagna eru þegar komnar til framkvæmda, þótt Viðskiptaráð hefði vissulega viljað sjá hraðari framgang í þeim málum. Þá er ekki síður mikilvæg sú umræða sem á sér stað innan vettvangsins. Vel hefur gengið að ræða ágreiningsefni og ná betur utan um þá þætti sem ríkir samstaða um. Sú vinna hefur veitt mikilvægum málum brautargengi og aukið skilning meðlima vettvangsins á nauðsyn kerfisbreytinga.

### Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Fulltrúi Viðskiptaráðs á sæti í ráðgjafarnefnd forsætisráðuneytisins um opinberar eftirlitsreglur. Nefndinni er ætlað að vinna að aukinni hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti. Í vinnu sinni hefur nefndin það að leiðarljósi að eftirlit eigi að ná markmiðum sínum án þess að íþyngja einstaklingum og fyrirtækjum meira en nauðsyn er og án þess að það takmarki athafnafrelsi umfram það sem almannahagsmunir krefjast.

Verkefnum nefndarinnar er skipt í fernt:

#### 1.

Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfsemi til athugunar í heild eða að hluta.

#### 2.

Veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur.

#### 3.

Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög um opinberar eftirlitsreglur og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á.

#### 4.

Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga um opinberar eftirlitsreglur.

### Starfshópur um hagnýtingu internetsins

Þann 19. nóvember 2014 samþykkti Alþingi þingsályktun um kjöraðstæður fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni og um réttarvernd netnitenda. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni varlið að skipa starfshóp til að móta stefnu um framangreint og vinna tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði fulltrúa Viðskiptaráðs í hópinn.

### Samráðshópur utanríkisráðuneytisins og atvinnulífs um EES regluverk

Fulltrúi Viðskiptaráðs situr í samráðshóp á vegum utanríkisráðuneytisins um EES regluverk. Hópurinn fundar reglulega og fjallar um helstu málefni sem eru ofarlega á baugi hjá Evrópusambandinu og hafa verið skilgreind sem EES forgangsmál á Íslandi. Starf samráðshópsins tekur til allra stiga EES ferlisins; löggjöf Evrópusambandsins í mótun, upptaka gerða í EES samninginn og loks innleiðingu gerða í íslenskan rétt.



# BAKHJARL MENNTUNAR



MENNTASJÓÐUR  
VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

**F**rjá stofnun hefur Viðskiptaráð Íslands tekið þátt í uppbyggingu íslensks menntakerfis með áherslu á hagnýta menntun á sviðum atvinnulífs, enda fátt til meiri hagsbóta fyrir viðskiptalífið en öflugt og vel menntað starfsfólk.

Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtækin búa við meiri samkeppni og flóknara rekstrarumhverfi en áður. Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér því sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk.

Til að mæta þessari áskorun er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar. Að þessu hlutverki hefur Viðskiptaráð komið með markvissum hætti síðustu ár og áratugi í gegnum Menntasjóð Viðskiptaráðs Íslands (áður SVÍV). Sjóðurinn er sjálfseignastofnun sem starfar undir vernd og umsjón Viðskiptaráðs Íslands.

Formlegt hlutverk Menntasjóðsins (MVÍ) er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að efla og bæta menntun og rannsóknir á öllum skólastigum og styðja við nýsköpun atvinnulífs. Stjórn Viðskiptaráðs myndar fulltrúaráð MVÍ og fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

Sjóðurinn er meirihlutaeigandi í Háskólanum í Reykjavík og rak Verzlunarskóla Íslands í hartnær öld.

## Endurskipulagning síðustu ára

Miklar breytingar hafa átt sér stað í starfsemi MVÍ á undanförunum árum. Meginmarkmið þeirra hefur verið tvíþætt. Annars vegar að skerpa á stjórnskipulagi og aðkomu sjóðsins að Háskólanum í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands. Hins vegar að byggja enn frekar undir framlag sjóðsins til eflingar menntakerfisins í gegnum auknar styrkúthlutanir á hans vegum.

Meðal sögulegra hlutverka MVÍ er uppbygging og viðhald fasteigna í Ofanleiti 1 og 2. Verzlunarskólinn rekur starfsemi sína í Ofanleiti 1 og Háskólinn í Reykjavík rak stóran hluta starfsemi sinnar í Ofanleiti 2 fyrir flutning í Vatnsmýrina. Í kjölfar flutnings HR var aðkoma sjóðsins að fasteignamálum endurskoðuð og undirbúningur hafinn að sölu á Ofanleiti 2. Samhliða sölu á eldra húsnæði HR var Verzlunarskólinn gerður að sjálfstæðri sjálfseignastofnun, en fyrir þann tíma hafði skólinn verið starfræktur sem deild innan MVÍ. Þessari endurskipulagningu lauk með fjárframlagi og tilfærslu á fasteigninni í Ofanleiti 1 inn í bækur Verzlunarskólans. Þessu uppgjöri fylgdi meðal annars skuldbinding skólans til að innleiða þriggja ára nám.

Vorið 2014 var nafnið Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands tekið upp. Fyrir þann tíma bar sjóðurinn heitið Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um Viðskiptamenntun (SVÍV). Nafnabreytingunni var ætlað að endurspegla betur þær breiðu áherslur sem starfsemin fylgir, enda einskorðast framlag Viðskiptaráðs til menntamála ekki við viðskiptamenntun. Þá þótti rétt að notast við hugtakið sjóð, fremur en stofnun, þar sem fjármunir MVÍ eru nú að stórum hluta nýttir í styrkveitingar.

## Stóraukin framlög til styrkveitinga

Samhliða nafnabreytingunni voru tveir sjóðir stofnsettir innan MVÍ, Rannsóknarsjóður Viðskiptaráðs og Námsstyrkjasjóður Viðskiptaráðs. Fjármunir sjóðanna samanstóðu að uppistöðu til af söluhagnaði vegna Ofanleitis 2 en heildarstofnfé þeirra nam 250 m.kr. Áður hafði Viðskiptaráð starfrækt smærri sjóði sem stóðu fyrir námsstyrkjum en þeir runnu inn í nýjan Námsstyrkjasjóð.

Styrkveitingar úr sjóðunum er ákvarðaðar af sjálfstæðum valnefndum sem tilnefndar eru til tveggja ára í senn af stjórn MVÍ. Árleg heildarupphæð styrkveitinga er ákvörðuð af valnefndum en má þó aldrei vera hærri en svo að ekki sé gengið á nafnvirði upphaflegs stofnfjár sjóðsins. Styrkúthlutanir hafa því aukist verulega og styðja við markmið Viðskiptaráðs um eflingu mannauðs og nýsköpunar.

## Námsstyrkjasjóður Viðskiptaráðs Íslands

Hlutverk Námsstyrkjasjóðsins er að veita námsstyrki til íslenskra nemenda vegna framhaldsnáms á

háskólastigi. Styrkjunum er einkum ætlað að mæta kostnaði vegna skólagjalda og rannsóknánáms. Styrkirnir eru veittir vegna náms í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess.

Markmið styrkveitinganna er að stuðla að eflingu mannauðs á Íslandi með því að gera íslenskum nemendum kleift að sækja sér fjölbreytta og alþjóðlega menntun í hæsta gæðaflokki. Sjóðurinn styður þannig jafnframt við hlutverk MVÍ.

Styrkirnir eru veittir á Viðskiptaþingi hvers árs og hafa að jafnaði fjórir styrkir verið veittir hverju sinni. Árið 2016 er hver styrkur að upphæð 1 m.kr. og heildarúthlutun sjóðsins því 4 m.kr. Þetta er tvöföldun frá fyrra ári og fáir innlendir námsstyrkir jafn veglegir. 180 umsóknir bárust frá íslenskum námsmönnum í framhaldsnámi í 18 löndum víðsvegar um heiminn. Aldrei hafa fleiri umsóknir borist frá því styrkveitingar hófust.

Meðlimir valnefndarinnar síðustu tvö ár eru dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, dr. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, og Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, stjórnarmaður í Viðskiptaráði Íslands. Viðskiptaráð kann meðlimum nefndarinnar miklar þakkir fyrir þeirra framlag.

## Rannsóknasjóður Viðskiptaráðs Íslands

Hlutverk Rannsóknasjóðsins er að veita styrki til einstaklinga vegna rannsókna tengdum framþróun menntunar og eflingu íslensks atvinnulífs. Styrkjunum er einkum ætlað að mæta útgjöldum sem tengjast rannsóknastarfsemi, t.a.m. vegna heimildaöflunar,



greiningarvinnu, útgáfu og tækniþróunar þar sem það á við. Styrkirnir eru bundnir við verkefni sem styðja við eftirfarandi markmið:

Aukna skilvirkni og gæði íslensks menntakerfis

Eflingu þekkingar á forsendum til aukinnar verðmætasköpunar íslensks atvinnulífs

Haustið 2015 fór fyrsta úthlutun sjóðsins fram, en alls var 6,5 m.kr. úthlutað til fjögurra verkefna. Alþjóðaskólinn (International School of Iceland), sem er rótgróinn alþjóðlegur grunnskóli, hlaut styrk til að koma á fót námi fyrir 8. – 10. bekk grunnskóla. Gylfi Ólafsson, heilsuhagfræðingur, hlaut styrk til að rita bókina Hagnýt heilsuhagfræði, sem verður kennslubók fyrir háskólanema og gagnlegt framlag til upplýstrar umræðu um heilbrigðismál á Íslandi. Þröstur Ólaf Sigurjónsson, dósent við HR, hlaut styrk til rannsóknar á stjórnarháttum fyrirtækja þar sem valferli stjórna verður í forgrunni. Að lokum hlaut Birna Dröfn Birgisdóttir, doktorsnemi, styrk til rannsóknar á þáttum sem ýtt geta undir sköpunargleði starfsfólks, en sköpunargleði er talin mikilvægur þáttur fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja.

Alls bárust 127 styrkumsóknir frá fjölbreyttum hópi umsækjenda og verkefni valnefndar því vandasamt. Meðlimir valnefndarinnar eru Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri Remake Electric, Gísli Hjálmtýsson, forstjóri Thule Invest, og Ragnhildur Geirsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Landsbankans. Viðskiptaráð kann meðlimum nefndarinnar miklar þakkir fyrir þeirra framlag.



## Háskólinn í Reykjavík sterkari en nokkurn tíma

MVÍ stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík sem hefur nú starfað í um 15 ár við góðan orðstír. Á þessum tíma hefur skólinn tekið miklum breytingum, en stærstu skrefin voru vafalaust sameining hans við Tækniháskóla Íslands árið 2005 og flutningur í nýtt 27.000 fermetra húsnæði við rætur Öskjuhlíðar á árinu 2010.

Háskólinn í Reykjavík býður nú upp á vandað og fjölbreytt nám á mörgum sviðum. Skólinn útskrifar í dag tvo af hverjum þremur þeirra sem útskrifast með tæknimenntun á háskólastigi, helming viðskiptamenntaðra og þriðjung þeirra sem ljúka prófi í lögum. Auk þessa hefur framlag skólans til rannsókna og nýsköpunar farið vaxandi með hverju árinu sem líður. Þessum mikla árangri ber auðvitað fyrst og fremst að þakka því frábæra starfsfólki sem hefur byggt upp starfsemi skólans.

Fjármálakreppan 2008 skapaði verulegar rekstraráskoranir fyrir skólann, annars vegar vegna minnkandi ríkisframlaga og hins vegar vegna verulegra breytinga



á byggingarkostnaði nýs húsnæðis skólans. Með beinni aðstoð bakhjarla skólans og samhentu átaki starfsmanna tókst að troða marvaðann á þessum krefjandi tímum.

Vorið 2014 náðist tímamótasamkomulag í rekstri skólans þegar HR og bakhjarlar hans eignuðust allar fasteignir skólans að Menntavegi 1. Með samningnum lækkaði húsnæðiskostnaður HR og eignarhlutur HR í byggingunni kemur til með að verða mikilvægur hluti af fjárhagslegum grunni háskólans til framtíðar. Kaupin marka um leið aukna uppbyggingu Háskólans í Reykjavík á háskólasvæðinu við Öskjuhlíð. Með þessum samningi og

vaxandi ríkisframlögum hefur tekist að snúa við rekstri skólans og styrkja fjárhagslegan grundvöll hans til lengri tíma.

Í kjölfar samningsins var stjórnskipulag skólans endurskoðað og ný stjórn tók til starfa. Háskólaráð fer enn með æðsta vald skólans og markar stefnu hans til lengri tíma. Ný stjórn skólans sinnir aftur á móti þeim viðfangsefnum sem snúa að almennum rekstri hans. MVÍ er meirihlutaeigandi í skólanum og mun halda áfram að koma að rekstri hans með virkum hætti í gegnum störf háskólaráðs og stjórnar.

## Aðkoma atvinnulífsins að Verzlunarskólanum breikkuð

Verzlunarskólinn tók til starfa haustið 1905. Stofnaðilar skólans voru Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannaráð Reykjavíkur. Markmiðið með stofnun skólans var að auðvelda Íslendingum að afla sér menntunar á verslunarsviði. Þegar Verzlunarráð (nú Viðskiptaráð) var stofnað tók ráðið yfir rekstur skólans og hafði umsjón með uppbyggingu skólans í yfir 90 ár.

Á þeim ríflega hundrað og tíu árum sem liðin eru frá stofnun skólans hefur margt breyst. Nemendafjöldi hefur margfaldast og námsframboð orðið fjölbreyttara með hverjum áratugnum sem liðið hefur. Má því segja að Verzlunarskólinn hafi á þessum hundrað árum viðhaldið þeim sérkennum sínum að vera framsækinn skóli sem jafnan hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám sem svarar kröfum síns tíma.

Á vormánuðum árið 2014 tók ný skipulagsskrá skólans gildi. Með henni var aðkoma atvinnulífsins að starfsemi Verzlunarskólans breikkuð auk þess sem tengsl við fyrrverandi nemendur voru eflað í gegnum þátttöku þeirra í nýju fulltrúaráði skólans. Með fjölbreyttari aðkomu atvinnulífsins er skólinn enn betur í stakk búinn til að mæta ólíkum þörfum viðskiptalífsins og þeim breytingum sem framundan eru í menntamálum landsins. Viðskiptaráð skipar nú þrjá af níu meðlimum fulltrúaráðs Verzlunarskólans.

Viðskiptaráð Íslands hefur lengi talað fyrir því að námstími til stúdentsprófs verði stytur um eitt ár. Með nýjum lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 sköpuðust undirstöður sem nauðsynlegar voru til þess að leggja í slíka vegferð.

Að frumkvæði Viðskiptaráðs samþykkti skólanefnd vorið 2013 að unnið yrði að styttingu námstíma til stúdentsprófs um eitt ár. Vinna við þessar breytingar hefur gengið vel og allar brautir skólans eru nú þriggja ára námsbrautir til stúdentsprófs. Rík áhersla hefur verið lögð á að halda sömu gæðum náms þannig að útskrifaðir nemendur séu vel í stakk búnir fyrir hvaða nám sem er á háskólastigi.



# VETTvangur Tengsla

**NÝ** | sköpun  
tengsl

## Þátttakendur 2014

ANOTHER CREATION, Blendin, GolfPro Assistant, Gracipe, Herberia, Mulier, Radiant Games, Silverberg, Snjóhús Software og Solid Clouds.

## Þátttakendur 2015

Activity Stream, Authenteq, Bókun, Crowbar Protein, Datasmoothie, Florealis, MEKANO, SOLID CLOUDS, TAGPLAY og Watchbox.

**V**iðskiptaráð stendur að ólíkum viðburðum sem gera félögum ráðsins kleift að efla tengslanet sitt.

## Ný-sköpun-Ný-tengsl

Tengslakvöldum undir merkinu Ný-sköpun-Ný-tengsl var hleypt af stokkunum árið 2009 með það markmið í huga að leiða saman reynslumikla stjórnendur, svokallaða mentora, og áhugasama frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref í atvinnurekstri. Með þessu hefur skapast farvegur fyrir félagi í Viðskiptaráði til að leggja sitt á vogarskálarnar í uppbyggingu atvinnulífsins. Icelandic Startups (áður Klak-Innovit) hefur verið dyggur samstarfsaðili í skipulagi og utanumhaldi þessara viðburða

og einnig hafa fjölmörg fyrirtæki úr félagagrunni ráðsins tekið að sér gestgjafahlutverk.

Árið 2014 var Síminn gestgjafi og bauð fulltrúum nýsköpunarfyrirtækja og mentorum í kvöldverðarboð í höfuðstöðvunum í Ármúla. Orri Hauksson, forstjóri Símans, sagði það hafa verið gefandi að fylgjast með gróskunni sem væri til staðar hjá íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum og var hann ánægður með vel heppnað tengslakvöld.

Árið 2015 tók Ölgerðin á móti stórum hópi fulltrúa nýsköpunarfyrirtækja og mentora í líflegu umhverfi. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, kynnti nýsköpunarstefnu fyrirtækisins og greindi frá ávinningnum sem hún hefur skilað fyrir svo rótgróið fyrirtæki.



## International Chamber Cup

Árlega fer fram alþjóðlegt golfmót Viðskiptaráðs og millilandaráðanna, International Chamber Cup. Mótið hefur verið vettvangur fyrir tengslamyndun bæði íslenskra og erlendra félaga og leið til að tengjast sterkari böndum. Fjöldi fyrirtækja hafa stutt við mótið og þakkar Viðskiptaráð þeim fyrir sitt framlag.

---

### Sigurvegari í liðakeppni 2014

Ásbjörn Björnsson, Erlendur Gíslason, Ljósbrá Baldursdóttir og Patrick Ramette.

### Sigurvegari í punktakeppni 2014

Ljósbrá Baldursdóttir

### Sigurvegari í högggleik 2014

Helgi Anton Eiríksson

### Sigurvegari í liðakeppni 2015

Bergþór Björgvinsson, Guðjón V. Ragnarsson, Ingólfur Áskelsson og Matthías P. Einarsson.

### Sigurvegari í punktakeppni 2015

Óttar Snædal

### Sigurvegari í högggleik 2015

Helgi Anton Eiríksson

---



# FORMENN MILLILANDARÁÐA

## Amerísk-slenska (AMIS)

Birkir Hólm Guðnason, Icelandair

## Bresk-íslenska (BRÍS)

William Symington, Íslandsbanki

## Dansk-íslenska (DÍV)

Sverrir Sverrisson, EcConsulting

## Fransk-íslenska (FRÍS)

Baldvin Björn Haraldsson, BBA Legal

## Færeysk-íslenska (FOIS)

Gunnar Karl Guðmundsson

## Grænlensk-íslenska (GLIS)

Árni Gunnarsson, Flugfélag Íslands

## Ítalsk-íslenska (ITÍS)

Guðjón Rúnarsson, Samtök fjármálafyrirtækja

## Norsk-íslenska (NÍV)

Guðmundur Einarsson, Viljeve AS

## Spánsk-íslenska (SPIS)

Fríðrik Steinn Kristjánsson, Invent Farma

## Sænsk-íslenska (SÍV)

Albert Magnússon, Lindex

## Þýsk-íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV)

Páll Kr Pálsson, Skyggni

## Norðurslóðaviðskiptaráðið

Guðmundur Pétursson, ÍAV

## Viðtækt tengslanet

Hjá Viðskiptaráði Íslands eru tólf millilandarád með heimilisfesti, Amerísk-íslenska (AMIS), Bresk-íslenska (BRÍS), Dansk-íslenska (DÍV), Fransk-íslenska (FRÍS), Færeysk-íslenska (FOIS), Grænlensk-íslenska (GLIS), Ítalsk-íslenska (ITÍS), Norsk-íslenska (NÍV), Spánsk-íslenska (SPIS), Sænsk-íslenska (SÍV), Þýsk-íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) og Norðurslóða viðskiptaráðið.

Millilandaráðunum er ætlað að örva viðskipti, koma á sambandi milli fyrirtækja eða forsvarsmanna fyrirtækja, standa fyrir fundum og öðrum viðburðum sem eflt geta

þekkingu og samvinnu milli landa og annast þjónustu við félagi.

Hvert og eitt ráð er fjárhagslega sjálfstætt, greiðir Viðskiptaráði Íslands fyrir bókhaldsþjónustu og skrifstofu- aðstöðu auk þess sem hvert þeirra greiðir ákveðinn hluta af launum forstöðumanns alþjóðasviðs Viðskiptaráðs. Kristín S. Hjálmtýsdóttir hefur verið forstöðumaður alþjóðasviðs og framkvæmdastjóri allra ráðanna, utan Norðurslóðaráðsins, en lét af störfum í lok árs 2015 eftir 20 ár í starfi. Hulda Bjarnadóttir tekur við stöðunni þann 1. mars 2016.



Yfir 900 fyrirtæki eiga aðilda að millilandaráðunum og er tæpur helmingur þeirra erlend. Stjórnir ráðanna eru skipaðar forsvarsmönnum fyrirtækja beggja landa í hverju tilviki og í þeim eiga sæti 120 manns sem allir sinna störfum í sjálfböðavinnu.

### Starfsemi á árunum 2014 og 2015

Starfsemi millilandaráðanna hefur staðið í miklum blóma undanfarin ár og hver viðburðurinn rekið annan, bæði hérlandis og erlendis. Meðal þess sem nefna má eru amerískir og franskir dagar, viðskiptaferðir til Bandaríkjanna, Þýskalands, Noregs, Grænlands og Færeyja og ráðstefnur í London, Madrid, París, Osló og Kaupmannahöfn. Morgun- og hádegisverðafundir á Íslandi skiptu tugum og að auki fóru fram aðrir viðburðir á borð við fyrirtækjaheimsóknir, móttökur, sérstakar forýningar kvikmynda, vinkynningar og annað sem glatt hefur ótal augu, eyru og maga.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að millilandaráðin efli samvinnu og leitist við að koma á framfæri sameiginlegum hagsmunum þegar það á við. Formenn ráðanna hafa af þessu tilefni hist á formannafundum sem hefur gefist vel.

Öllum ráðunum hefur gengið vel að viðhalda, og í mörgum tilfellum aukið mikið, félagafjölda.

### Samstarf við erlendar stofnanir og fyrirtæki

Mikilvægur þáttur í starfi millilandaráða Alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands eru samskipti við erlend systursamtök, alþjóðlegar stofnanir, fulltrúa erlendra ríkja á Íslandi og fleiri. Millilandaráðin hafa þar hjálpað mikið til á undanförunum árum og hafa átt góð samskipti við bæði sendiráð og ræðisskrifstofur viðkomandi landa sem hefur orðið til að skjóta styrkari stoðum undir tilvist ráðanna. Þýsk-íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) er beintengt samtökum þýskra viðskiptaráða og nýtur stuðnings þeirra og samvinnu við þau. Dansk-, sænsk- og norsk- íslensku viðskiptaráðin eiga einnig gott samstarf við þarlend viðskiptaráð. Bresk-íslenska viðskiptaráðið tekur þátt í starfi samtaka breskra viðskiptaráða í Evrópu og Amerísk-íslenska hefur átt samstarf við Euro-AmCham, eða Samtök bandarískra viðskiptaráða í Evrópu.

# ÁBYRGÐ OG GAGNSÆI Í VIÐSKIPTUM

## Ný útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja

Frá árinu 2004 hefur Viðskiptaráð Íslands gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina. Leiðbeiningunum er ætlað að stuðla að góðum stjórnarháttum í íslenskum fyrirtækjum með því að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila. Með góðum stjórnarháttum má einnig styrkja innviði

fyrirtækja og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífinu. Hvort tveggja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Vorið 2015 var 5. útgáfa leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja gefin út. Endurskoðun leiðbeininganna var stýrt af starfshópi um stjórnarhætti, sem skipaður er fulltrúum útgáfuaðila ásamt sérfræðingum úr íslensku atvinnulífi og háskólasamfélaginu. Í hópnum sitja: Þórunn Jónsdóttir forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík (formaður), Bergþóra Halldórsdóttir lögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, Frosti Ólafsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Haraldur I. Birgisson lögfræðingur hjá Deloitte, Hildur Árnadóttir forstöðumaður fjárfestingar hjá Íslandsbanka, Hjörleifur Pálsson ráðgjafi og formaður stjórnar Háskólans í Reykjavík og Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar. Verkefnisstjóri var Marta Guðrún Blöndal lögfræðingur Viðskiptaráðs.

## Starfshópur um stjórnarhætti

Fulltrúar  
útgáfuaðila



**Marta Guðrún Blöndal**  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráðs Íslands  
(verkefnisstjóri)



**Bergþóra Halldórsdóttir**  
Lögfræðingur hjá  
Samtökum atvinnulífsins



**Frosti Ólafsson**  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráðs Íslands



**Páll Harðarson**  
Forstjóri Kauphallarinnar



**Þórunn Jónsdóttir**  
Forseti viðskiptadeildar  
Háskólans í Reykjavík  
(formaður)



**Haraldur Ingi Birgisson**  
Lögfræðingur hjá  
Deloitte



**Hildur Árnadóttir**  
Löggiltur  
endurskoðandi



**Hjörleifur Pálsson**  
Ráðgjafi og formaður  
stjórnar Háskólans í  
Reykjavík

STJÓRNARHÆTTIR  
FYRIRTÆKJA  
LEIÐBEININGAR

5. ÚTGÁFA

Við undirbúning nýrrar útgáfu leitaði starfshópurinn til fjölmargra aðila og óskaði eftir tillögum að umbótum á leiðbeiningunum. Meðal þeirra sem gáfu álit sitt voru forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa notast við leiðbeiningarnar og sérfræðingar í góðum stjórnarháttum, þar á meðal aðilar sem hafa tekið út stjórnarhætti íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum. Áður en starfshópurinn tók ákvörðun um það hvaða breytingar yrðu gerðar á leiðbeiningunum hélt hann kynningarfund með helstu

## Fanga var leitað víða við undirbúning nýrra leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja

### Sérfræðingar

Sérfræðingar á sviðinu gáfu álit sitt á leiðbeiningunum og gerðu tillögur að breytingum

### Úttektaraðilar

Samráð var haft við þá úttektaraðila sem framkvæmt hafa flestar úttektir

### Fyrirtæki

Ábendingar bárust frá notendum leiðbeininganna um hvað mætti betur fara í þeim

### Starfshópur

Starfshópur fór yfir ábendingar og ákvað hvaða breytingar skyldu gerðar á leiðbeiningunum

## 5. ÚTGÁFA leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja

hagsmunaaðilum þar sem þeim gafst tækifæri til að rýna fyrirhugaðar breytingar.

Talsverðar breytingar voru gerðar á leiðbeiningunum frá 4. útgáfu þeirra. Í endurskoðunarferlinu var lögð áhersla á að gera leiðbeiningarnar skýrari og notendavænni með almennum breytingum á formi, uppsetningu og orðalagi. Þá var einnig bætt úr ýmsum ágöllum í takt við ábendingar frá notendum leiðbeininganna. Jafnframt voru tilmæli leiðbeininganna endurskoðuð með það að markmiði að þær henti íslensku atvinnulífi sem best, en séu á sama tíma í samræmi við alþjóðlega staðla og þróun. Veigamesta efnislega breytingin sem gerð var á leiðbeiningunum felst í því að nú heyrir tilnefningarnefnd undir hluthafafund en ekki stjórn, eins og áður var.

### Rafrænar leiðbeiningar

Samhliða 5. útgáfu opnaði nýr vefur með rafrænni útgáfu leiðbeininganna. Rafræna útgáfan er gagnvirk og aðlagar sig að tölvum og snjalltækjum af ólíkum stærðum og gerðum. Á vefsíðunni er einnig að finna tæmandi lista yfir breytingar frá fyrri útgáfu og ítarefni tengt stjórnarháttum. Með rafrænni útgáfu leiðbeininganna er markmiðið að gera leiðbeiningarnar aðgengilegri og notendavænni en áður.

Slóð vefsíðunnar er [leidbeiningar.is](http://leidbeiningar.is).

## Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands

Á vegum Viðskiptaráðs Íslands starfar sérstakur gerðardómur (e. The Nordic Arbitration Centre). Með notkun gerðardómsins geta aðilar fengið leyst úr ágreiningi með skjótum og öruggum hætti.

Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands er ein elsta gerðardómsstofnun landsins. Dómurinn var stofnaður árið 1920 en var lagður niður árið 1930 vegna verkefnaskorts. Hann var síðan endurvakinn árið 1980 þar sem stjórn Viðskiptaráðs (þá Verzlunarráð) taldi nauðsynlegt að til væri dómur sem gæti skorið úr ágreiningsefnum í viðskiptum með skjótum hætti.

Nýjar reglur fyrir Gerðardóm Viðskiptaráðs Íslands tóku gildi 17. júní 2013. Reglurnar eru á ensku en vinna við gerð íslenskrar þýðingar þeirra er langt á veg komin.<sup>4</sup>

Úrlausn ágreinings fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs er á höndum gerðardómsmanna sem starfa í samræmi við reglur Gerðardómsins eða aðrar reglur sem málsaðilar hafa samið um. Stjórn Gerðardómsins tekur afstöðu til þess hvort gerðarsamningur sé til staðar milli málsaðila. Sé

### Í stjórn gerðardómsins sitja:



Andri Árnason  
(formaður)



Baldvin Björn  
Haraldsson  
(varaformaður)



Eiríkur Elís  
Þorláksson



Gunnar  
Sturluson



Ásthildur  
Otharsdóttir

slíkum samningi til að dreifa er málinu vísað til gerðardómsmanna.

Aðilum er heimilt að semja sérstaklega um skipan og fjölda gerðardómsmanna en hafi ekki verið um annað samið

## Kostir gerðarmeðferðar

- Hröð úrlausn ágreiningsmála
  - Samkvæmt reglum sem gilda um dóminn skal endanleg úrlausn liggja fyrir innan sex mánaða
  - Heimilt er að semja um að niðurstaða liggji fyrir fyrir
- Trúnaður gildir um málsmeðferðina
- Sérhæfðir dómendur leysa úr ágreiningi aðila
- Heimilt er að leiða sérfræðiviti fyrir dóminn
- Auðvelt er að fullnustu úrlausnir gerðardóma um nær allan heim á grundvelli New York samningsins

skulu þeir vera þrír. Meginreglan er sú að gerðardómsmenn hafi sex mánuði frá því gerðarmeðferð hefst til að kveða upp endanlega úrlausn í máli.

Dómur Gerðardóms Viðskiptaráðs er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Hann er jafnframt aðfararhæfur í yfir 144 löndum, þar sem Ísland er aðili að New York

samningnum um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða. Trúnaður gildir um alla málsmeðferð fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs og geta málsaðilar því haldið ágreiningi sínum eða viðkvæmum málum leyndum.

## Mál til meðferðar fyrir Gerðardómi Viðskiptaráðs



Gerðardómi Viðskiptaráðs barst beiðni um gerðarmeðferð í byrjun september árið 2015 en þá hafði dómnum ekki borist mál um nokkurra ára skeið. Gerðarmeðferðin gekk hratt og örugglega fyrir sig og var endanleg úrlausn í málinu kveðin upp fjórum mánuðum frá því að beiðni um gerðarmeðferð barst dómnum.

## Upplýsingamiðlun

Íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum umtalsverðar breytingar á síðustu árum. Á sama tíma hefur upplýsingagjöf til erlendra aðila um stöðu efnahagsmála á Íslandi verið af skornum skammti. Viðskiptaráð hefur frá haustinu 2008 því miðlað reglulega upplýsingum til erlendra aðila til að greina frá stöðu efnahagsmála hérlendis, greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum og tengslamyndun félaga sinna.

Umfangsmesti hluti þeirrar starfsemi er útgáfa ritsins „The Icelandic Economy“ í júlí ár hvert. Þar er fjallað um stöðu efnahagsmála á Íslandi í dag, nýlega atburði í stjórnmálum, viðskiptum og efnahagslífi og langtímahorfur í hagkerfinu. Skýrslan er send til um 2.200 erlendra tengiliða í fyrirtækjum, alþjóðastofnunum, systursamtökum Viðskiptaráðs og stjórnkerfum annarra ríkja víðs vegar um heim.

Glærुकynning er einnig gefin út samhliða skýrslunni en í henni má finna myndir úr skýrslunni á aðgengilegu formi fyrir kynningar á íslensku efnahagslífi. Bæði ritið og kynningin er öllum aðgengileg bæði á íslensku vefsíðu ráðsins, vi.is, og einnig á enskri vefsíðu ráðsins, chamber.is.



# ÞJÓNUSTA SKRIFSTOFU

## Upprunavottorð

Viðskiptaráð gefur út upprunavottorð til vöruútflutjenda. Upprunavottorðum er ætlað að staðfesta upprunaland tiltekinnar framleiðsluvöru.

Í ágúst 2014 tók Viðskiptaráð í notkun rafrænt karfi við útgáfu vottorðanna með það að markmiði að bæta þjónustuna og auka rekjanleika vottorða samkvæmt reglum Alþjóða viðskiptaráðsins. Með breyttu fyrirkomulagi fylgdi ráðið fordæmi annarra landa um rafræn upprunavottorðskerfi.

## ATA Carnet skirteini

Viðskiptaráð hefur um árabil haft umsjón með útgáfu ATA Carnet skirteina á Íslandi. Hér að neðan eru upplýsingar um skirteinin og þær heimildir sem þau fela í sér.



### Hvað er ATA Carnet?

ATA Carnet skirteini heimilar tímabundinn útflutning á vörum og vörusýnishornum. Ætlast er til að viðkomandi vörur séu fluttar til baka innan eins árs eftir notkun í einu eða fleiri löndum.

### Hvaða réttindi veitir ATA?

Handhafi ATA skirteinis greiðir hvorki tolla né önnur aðflutningsgjöld í þeim löndum sem eru aðilar ATA samningsins, en þau eru um 85 talsins.

### Hverjar eru helstu vörutegundirnar?

Helstu vörutegundir sem fluttar hafa verið út á ATA skirteinum á undanförunum árum eru: Kvikmyndatæki, sjávarútvegsvörur vegna sýninga, tölur og hugbúnaður, listaverk og leikmunir, hljómflytningstæki, mælitæki og rafeindatæki, fatnaður og fleira.

### Hvernig fæst ATA skirteini?

ATA skirteini eru gefin út hjá Viðskiptaráði Íslands og þarf að sækja um útgáfu þeirra með tveggja daga fyrirvara á sérstökum umsóknarvef.

### Hvað kostar þjónustan?

Kostnaður fer eftir verðmæti varanna en hann er metinn út frá þeim fimm gjaldflokkum sem ráðið býður upp á. Viðskiptaráð fer fram á tryggingu í formi geymslugreiðslu eða bankaábyrgðar. Einnig er tekið gjald fyrir flýtimeðferð og önnur aukaviðvik.

### Sérkjör til félaga?

Félagar í Viðskiptaráði fá 50% afslátt af gjöldum að skilagjaldi og flýtimeðferð frátöldu. Þar að auki þarf fjárhæð trygginga hjá félögum aðeins að nema 25% af heildarverðmæti skirteinis í stað 50%.

# SKRIFSTOFUSTARFSEMI

Hjá Viðskiptaráði starfa nú átta manns í fullu starfi.



**Ásthildur  
Gunnarsdóttir**  
Samskipta- og  
útgáfumál



**Björn Brynjúlfur  
Björnsson**  
Hagfræðingur



**Frosti  
Ólafsson**  
Framkvæmdastjóri



**Hulda  
Sigurjónsdóttir**  
Móttökuritari



**Kristín S.  
Hjálmtýsdóttir**  
Forstöðumaður  
alþjóðasviðs



**Margrét Berg  
Sverrisdóttir**  
Sérfræðingur á  
lögfræðisviði



**Marta Guðrún  
Blöndal**  
Lögfræðingur



**Þórunn  
Stefánsdóttir**  
Fjármálastjóri

Talsverðar mannbreytingar hafa átt sér stað á undanförunum tveimur árum. Eftir 7 ára starf fyrir hönd Viðskiptaráðs lét Haraldur I. Birgisson, þáverandi aðstoðarframkvæmdastjóri, af störfum og gekk til liðs við lögfræðisvið Deloitte. Leifur Þorbergsson, fyrrverandi hagfræðingur hjá ráðinu, gekk til liðs við Íslandsbanka í ársbyrjun 2015 en starfar nú hjá Virðingu. Guðmundur Helgi Finnbogason,


sem jafnframt starfaði sem hagfræðingur hjá ráðinu, hóf störf hjá Íslandsbanka nú í ársbyrjun. Þá mun Kristín Hjálmtýsdóttir láta af störfum sem framkvæmdastjóri alþjóðasviðs í lok febrúar eftir 20 ára starf, en hún hefur þegar hafið störf sem framkvæmdastjóri Rauða Krossins. Hulda Bjarnadóttir, núverandi framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu, mun taka við starf Kristínar.



### Nýtt skrifstofuhúsnæði

Haustið 2014 var tekin sú ákvörðun að selja hæð Viðskiptaráðs í Húsi Verslunarinnar og flytja skrifstofustarfsemi ráðsins. Starfsemin hafði þá verið rekin á sama stað frá byggingu Húss verslunarinnar eða í tæpa hálfa öld. Viðskiptaráð keypti hluta af 5. hæð Húss atvinnulífsins af Samtökum atvinnulífsins. Hæðin var endurskipulögð með þarfir beggja samtaka í huga og gerði báðum aðilum kleift að draga úr fermetraþörf sinni.

Ákvörðun um flutning starfseminnar í Hús atvinnulífsins byggði bæði á faglegum og rekstrarlegum sjónarmiðum. Samnýting stoðþjónustu og sameiginlegrar aðstöðu með öðrum félagasamtökum húsínu gerir Viðskiptaráði kleift að verja meira fjármagni í kjarnastarfsemi. Þá hefur reynst afar vel að starfa í návígi við þau samtök sem hafa aðsetur sitt í Húsi atvinnulífsins. Aukið samstarfs og meiri sérhæfing skila sterkari heild en ella.



### Ný heimasíða og virkari þátttaka á samfélagsmiðlum

Síðustu tvö ár hafa miklar breytingar átt sér stað hvað miðlunarleiðir og framsetningu á efnis varðar. Vefsíða ráðsins var endurhönnuð frá grunni sumarið 2014 með það að leiðarljósi að gera málefnavarfi Viðskiptaráðs betri skil. Þá var viðmót hennar jafnframt sniðin að þörfum notenda snjallsíma og spjaldtölva til að hámarka notagildi síðunnar.

Viðskiptaráð gefur út reglulegt fréttabréf þar sem útgáfu og málefnavarfi ráðsins eru gerð góð skil. Þá hefur notkun samfélagsmiðla aukist jafnt og þétt. Facebook hefur verið helsti vettvangur ráðsins á þessu sviði og hefur fylgjendum síðu ráðsins hefur fjölgað úr 700 í byrjun árs 2014 í 2.900 í lok árs 2015. Þessar breytingar þjóna mikilvægu hlutverki til að unnt sé að miðla efni frá Viðskiptaráðs til sem flestra samfélagshópa.



# VÍ Í MÁLI OG MYNDUM

## UM VIÐSKIPTARÁÐ


## STJÓRN

**250**  
AÐILDARFÉLAGAR

**38**  
STJÓRNARMENN

**8**  
STARFSMENN


## STARFSFÓLK VIÐSKIPTARÁÐS



## MÁLEFNASTARF 2014 - 2016

	177 FRÉTTIR
	25 GREINAR
	24 KYNNINGAR
	17 SKOÐANIR
	9 SKÝRSLUR
	41 UMSÖGN
	25 VIÐBURÐIR

## AÐILDARFÉLAGAR SAMSETNING ÚT FRÁ VELTU



● Minni (<250 m.kr.)  
● Miðlungs (250 m.kr. - 2,5 ma. kr.)  
● Meiri (>2,5 ma. kr.)





## TÓLF MILLILANDARÁÐ




## ÞRÓUN FJÖLMÍÐLAUMFJÖLLUNAR JANÚAR 2014 - JANÚAR 2016

## ÞRÓUN FYLGJENDA Á FACEBOOK



## MENNTASJÓÐUR ÚTHLUTANIR



---

**ÁRSREIKNINGUR**  
VIÐSKIPTARÁÐS

---

## Rekstrarreikningur ársins 2015

Viðskiptaráð Íslands

Rekstrartekjur	2015	2014
Árgjöld	85.835.246	85.938.945
Aðrar tekjur	56.726.752	50.631.781
	<u>142.561.998</u>	<u>136.570.726</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	98.050.782	87.116.568
Annar rekstrarkostnaður	42.180.300	36.758.783
Rekstur fasteignar	3.192.793	7.253.072
Afskriftir	2.036.281	2.000.378
	<u>145.460.156</u>	<u>133.128.801</u>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<u>(2.898.158)</u>	<u>3.441.925</u>
<b>Fjármunatekjur og (-gjöld)</b>		
Vaxtatekjur og gengismunur	12.555.367	4.410.573
Vaxtagjöld	(5.221)	(2.287)
Söluhagnaður fastafjármuna	0	49.179.978
	<u>12.550.146</u>	<u>53.588.264</u>
<b>Afkoma ársins</b>	<u>9.651.988</u>	<u>57.030.189</u>

Hægt er að nálgast afrit af ársreikningnum í heild sinni á skrifstofu Viðskiptaráðs

## Efnahagsreikningur ársins 2015

Viðskiptaráð Íslands

Eignir	2015	2014
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign	80.076.975	75.117.857
Húsgögn	3.758.401	1.163.546
Áhöld og búnaður	781.231	169.967
	<u>84.616.607</u>	<u>76.451.370</u>
Áhættufjármunir:		
Eignarhlutur í félagi	1.000.000	1.000.000
	<u>85.616.607</u>	<u>77.451.370</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		
	<u>85.616.607</u>	<u>77.451.370</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Óinnheimt árgjöld	3.349.607	1.877.230
Viðskiptakröfur	6.550.878	15.781.230
Kaupsamningskrafta vegna fasteignasölu	0	15.000.000
Handbært fé	173.447.638	157.758.447
	<u>183.348.123</u>	<u>190.416.907</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>268.964.730</u>	<u>267.868.277</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Eigið fé		
Varasjóður	<u>238.408.054</u>	<u>228.756.066</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	6.044.359	9.265.117
ATA Carnet skilagjald	4.228.218	3.773.218
Aðrar skammtímaskuldir	12.883.196	9.022.460
Ógreitt vegna fasteignakaupa	0	10.000.000
Endurmenntunarsjóður		
Viðskiptaráðs Íslands	7.400.903	7.051.416
	<u>30.556.676</u>	<u>39.112.211</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u>268.964.730</u>	<u>267.868.277</u>



